



### Skírnir í mál við kirkjuna

Innlent 2

Biskup fær kröfu frá lögmanni.



### Þjóðin situr uppi með Icelandair

Innlent 4

Lífróður félagsins. Flugfélagið Play í startholunum.



### „Það mun birta til“

Innlent 6

Jákvæðar hliðar COVID-19. Forsetinn lofar samstöðu þjóðarinnar.



### Frægar konur með hunda

Séð og Heyrt 30

Þetta eru tegundirnar sem þær eiga. Linda P. er mikil hundakona.

# MANNLÍF

Fréttir / Menning / Séð og heyrð



V

VIDTALID  
Pétur Einarsson

## „Langar að deyja án deysilyfja“

Pétur Einarsson glímir við ólæknandi sjúkdóm. Reiknar ekki með að lifa til haustsins. Óhræddur við dauðann. Dagbók krabbameinssjúklings.

NJÓTTU ÞÍN HEIMA  
MEÐ STARBUCKS KAFFI



PANTAÐU  
ÞITT BRAGÐ  
Á ELKO.IS

ELKO



## Augljós brottrekstur

Texti / Trausti Hafsteinsson



Agnes hefur frest fram í miðja næstu viku til að svara erindi Skírnis.

Sigurður Kári, lögmaður séra Skírnis, staðfestir að biskupi hafi verið sent bréf í fyrradag þar sem uppsögninni sé harðlega mótmælt og þess krafist að hún verði dregin til baka. Skírni mun ella krefjast miska- og skaðabóta frá kirkjunni. „Þessi brottvikning er að mínu mati ólögmat og í andstöðu við öll gildandi lög og reglur sem hann varða. Séra Skírni mótmælir því harðlega að hafa rofið trúnaðarskyldur í viðtali við fjölmiðla og því að hafa gerst brotlegur við starfs- og siðareglur sem um hann gilda. Af þeim ástæðum er þess krafist að biskup afturkalli ákvörðun sína,” segir Sigurður Kári. Aðspurður segir lögmaðurinn ljóst að séra Skírni hafi verið rekinn þótt biskup kalli þetta þjónustulok og hafi hafnað því að um uppsögn væri að ræða.

„Það er ekki hægt að túlka þetta öðruvísi en sem tafarlausa uppsögn séra Skírnis frá störfum. Ef við þessum kröfum verður ekki orðið er viðbúið að hann geri kröfu um skaðabætur frá kirkjunni vegna ólögmatrar uppsagnar og um

miskabætur vegna þessarar ólögmatu meingerðar gegn hans æru, persónu og áratugastarfsheiðri.“ Agnes hefur frest fram í miðja næstu viku til að svara erindi Skírnis. „Það er riflegur frestur sem biskupi er gefinn, að minnsta kosti riflegri heldur en séra Skírni hefur verið gefinn,” segir Sigurður Kári.



## Málið í hnotskurn

Séra Skírni var rekinn úr embætti í framhaldi af umfjöllun fréttamiðilsins Vísis um samskipti hans og bakvarðarins Önnu Auroru Waage. Viðmælendur Mannlífs greinir á um hvort uppsögnin er lögmat eða ekki, eins og fjallað var um í úttekt blaðsins. „Ég tel viðbrögðin langt umfram það sem málavextir gefa tilefni til og vona að þau verði endurskoðuð,” sagði Skírni.

Sigurður Kári Kristjánsson.

Frábært saman  
Milka & Oreo

## Prestur sækir rétt sinn gagnvart biskupi Íslands

Ég hef falið lögmonnum að sækja rétt minn gagnvart biskupi,” segir séra Skírni Garðarsson, sem nýverið var rekinn úr embætti héraðsprests á Suðurlandi. Hann segist ekki vilja tjá sig frekar um brottrekstur sinn en hann hefur verið gerður útlægur frá Þjóðkirkjunni og má ekki vinna nein prestsverk í hennar nafni.

A

agnesi Sigurðardóttur, biskupi Íslands, hefur verið sent bréf frá lögmanni séra Skírnis, Sigurði Kára Kristjánssyni hæstarrettarlögmanni, þar sem þess er krafist að biskupinn dragi yfirlýsingar sínar til baka hvað varðar þjónustulok prestsins og að honum verði heimilað að snúa aftur í embætti sitt fyrir kirkjuna. Biskup hefur viku til að svara séra Skírni sem mun fara fram á miska- og skaðabætur frá kirkjunni verði ekki orðið við kröfunum.

## Ekki rekinn, segir biskup

Agnes staðfesti þjónustulok prestsins fyrir kirkjuna í nýlegri yfirlýsingu og segir þar ástæðuna vera brot á trúnaðarskyldu. Hún segir það hins vegar misskilning í fjölmiðlaumfjöllun að presturinn hafi verið rekinn því réttindi séra Skírnis verði að öllu virt samkvæmt ráðningarsamningi. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir Mannlífs þá neitar Agnes viðtali og vísar í áður nefnda yfirlýsingu sína. Þá sömu yfirlýsingu og nú er krafist að hún dragi til baka. Séra Skírni er í veikindaleyfi þessa dagana og vill ekki láta hafa neitt eftir sér um stöðu mála, annað en staðfestingu þess efnis að ætla nú að sækja rétt sinn gagnvart Agnesi biskup.

”

## Í annað sinn

**Biskup hefur viku til að svara séra Skírni sem mun fara fram á miska- og skaðabætur frá kirkjunni.**

Líkt og Mannlíf hefur áður greint frá er þetta í annað sinn sem séra Skírni hrökklast úr embætti sínu fyrir Biskupsstofu en í báðum tilvikum hafnar Agnes því að hafa rekið hann. Hvorki nú sem héraðsprest né áður sem sóknarprest í Lágafellssókn. Í viðtali við Stundina á sínum tíma fullyrta séra Skírni hins vegar að biskup hafi sett honum afarkosti, annaðhvort yrði hann fluttur eða rekinn. „Biskup setti mér þá kosti að skrifa undir eða að ég yrði færður til með handafi. Eftir nokkra fundi skrifaði ég nauðugur undir. En ég var bugaður og lét undan ítrekuðum þrýstingi, símtölum og tölvupóstum frá Biskupsstofu. Það var svo harkalega að þessu staðið að ég fékk ekki einu sinni að kveðja söfnuð minn,” sagði Skírni við Stundina árið 2018. Í yfirlýsingu biskups segir Agnes þetta vera misskilning og segir prestinn hafa sjálfan óskað eftir flutningi í starfi.

## Engin svör

Samkvæmt lögum má ekki reka prest nema að undangenginni skriflegri áminningu. Það var ekki gert í tilfalli séra Skírnis en biskup hefur talið það óþarfa þar sem ekki væri verið að reka prestinn. Mannlíf hefur ítrekað óskað svara hjá Biskupsstofu og spurt þar meðal annars hvort ekki hafi komið til greina að framlengja andmælafrest séra Skírnis í ljósi þess að presturinn væri í veikindaleyfi. Biskup hefur engu svarað og þar liggja nokkrar ósvaraðar spurningar sem bíða svara.

## SPURNINGAR MANNLÍFS TIL AGNESAR SIGURÐARDÓTTUR, BISKUPS ÍSLANDS

- 1) Gildir ekki lengur um presta það ákvæði laga um opinbera starfsmenn sem veitir þeim rétt til andmæla, og skriflegrar áminningar áður en til uppsagnar kemur?  
Sjá grein 21: <https://www.althingi.is/lagas/150a/1996070.html>
- 2) Ef þið teljið ákvæðið enn gilda um presta, hvers vegna var Skírni Garðarssyni ekki veitt skrifleg áminning í þessu tilvik?
- 3) Kom ekki til greina af hálfu Biskupsstofu að fresta andmælarétti Skírnis Garðarssonar og ákvörðun ykkar fram yfir það tímabil sem viðkomandi hafði sýnt fram á veikindi sín?
- 4) Hvernig ætlið þið að mæta kröfum séra Skírnis Garðarssonar sem nú hafa verið sendar Biskupsstofu?  
Sagt hefur verið frá því að tölvupóstum séra Skírnis Garðarssonar hafi verið lekið til Biskupsstofu er hann starfaði sem sóknarprestur í Lágafellssókn. Eftir því sem Mannlíf kemst næst úrskurðaði nefnd innan Þjóðkirkjunnar í þá veru að brotið hafi verið gegn Skírni og í úrskurði Persónuverndar frá 24.10.2017 er það einnig staðfest að áframsending tölvupósta Skírnis hafi verið ólögmat.
- 5) Ætlar biskup að beita sér gagnvart því að brotið hafi verið á séra Skírni Garðarssyni er hann starfaði sem sóknarprestur í Lágafellssókn, eins og úrskurðirnir sýna?



## BIRTINGUR EHF

Útgáfufélag - Síðumúla 28, 108 Reykjavík S: 515 5500



## Lumar þú á frétt?

Sendu ábendingu á ritstjórn@birtingur.is

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Halldór Kristmannsson - Framkvæmdastjóri: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir - Útgáfustjóri Mannlífs: Roald Viðar Eyvindsson - Ritstjóri Mannlífs: Reynir Traustason - Ritstjórar tímarita: Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir, Steingerður Steinarsdóttir - Blaðamenn: Ragna Gestsdóttir, Friðrika Benónýsdóttir, Guðný Hrönn, Trausti Hafsteinsson - Umbrot og hönnun: Ivan Burkni - Forsíða: Helgi Jónsson - Auglýsingar: auglysingar@birtingur.is - Prentun: Landsprent - Dreifing: Póstdreifing



Nýjar  
umbúðir

Low Fat Milk - Lactose Free

Low Fat Milk - Lactose Free

'Fjör'  
mjólk'

'Fjör'  
mjólk'

Laktósalas

Laktósalas

Þetta mjólk er D-vítamín styrkt.  
Hægt er að reyna kálf, D-vítamín og hefur í sig við  
hættu á veikni, má spora við heilbrigði þess  
áhrif mjólkjar. **Ennstofur á bakvið**

**Ínhalt:**  
Undirbúna, líttmjólk, líkissamur A- og D-vítamín  
Gestirætt.

Næringsgildi (100 g)		Næringsgildi	
Orka	135 kJ / 32 kcal	A-vítamín	45 µg 6%
Protein	3.0 g	B2-vítamín	0.17 mg 12%
Íþróttarvæðing	0.2 g	B12-vítamín	0.37 µg 6%
Kolefni	2.9 g	D-vítamín	10 µg 20%
Íþróttarvæðing	2.9 g	Kálf	14 mg 18%
Íþróttarvæðing	2.9 g	Íþróttarvæðing	36 mg 14%
Íþróttarvæðing	4.4 g	Íþróttarvæðing	11.2 µg 22%
Íþróttarvæðing	0.0 g	Íþróttarvæðing	

Kalori: 0-4°C

Skilríki  
Blanda  
FSC  
FSC C014047

0,3%



1 lítri





# Þjóðin situr uppi með Icelandair

Útlit er fyrir að íslenska þjóðin sitji uppi með Icelandair-flugfélagið og það komi alfarið í hennar hlut að bjarga því frá falli. Nú þegar á almenningur stóran hluta í flugfélaginu í gegnum eignarhluti lífeyrissjóðanna. Allt stefnir í að fólkið í landinu eignist enn meira í gegnum skuldbreytingu lána stóru ríkisbankanna sem nú þegar hafa lánað flugfélaginu í kringum 20 milljarða króna, mögulega hlutfjárúkningu lífeyrissjóðanna og skattfé landsmanna með lánnum og ábyrgðum ríkissjóðs.

Þessu til viðbótar hefur félagið lýst því yfir að almenningi verði boðin þátttaka í hlutfjárúttboði og því ljóst að það verður almennings að bjarga Icelandair. Á sama tíma virðist stærsti eigandi félagsins vera að kasta inn handklæðinu og einkafjárfestar virðast fram til þessa ekki hafa mikla tiltrú á viðreisnarverkefninu.

## Hálaunaðir toppar

Stærstu hluthafar Icelandair, íslensku lífeyrissjóðirnir, gera það að skilyrði fyrir hlutfjárúkningu að endursamið verði um kjör við starfsmenn flugfélagsins til langs tíma. Samkvæmt heimildum Mannlífs er um fjórðungur starfsfólks með 75% þeirra launa sem félagið greiðir. Flugmenn, flugfreyjur og stjórnendur Icelandair eru meðal þeirra sem verða að gefa eftir. Þá vilja hluthafarnir skýr svör um samningsmál félagsins við Boeing-fyrirtækið vegna Max-þotanna gölluðu því losna þurfi undan þeim samningum og ráðast í endurnýjun annars úrelts flugvélaflota. Fyrr séu hluthafar ekki tilbúnir að leggja til aukkið hlutfélagið en það gerist munu hvorki bankarnir skuldbreyta lánnum né ríkið veita aðstoð sína í formi lánveitinga eða ríkisábyrgða. Það er ekki nema í þessari röð sem kapallinn hjá Icelandair mun ganga upp.



Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair. Mynd / Skjáskot RÚV



Á meðan Icelandair endurskipuleggur starfsemina stefnir Play-flugfélagið að því að hefja flug 1. október.

## Skuldbreyta 20 milljörðum

Ríkisbankarnir tveir, Íslandsbanki og Landsbanki, eiga samkvæmt heimildum Mannlífs kröfur á Icelandair upp á nærri 20 milljarða og er mikilvægur hluti af endurfjármögnun félagsins sú ósk að bankarnir breyti lánnum sínum í hlutfé. Vandinn er sá að slík skuldbreyting mun ekki styrkja lausafjárstöðu Icelandair en Bogi Nils Bogason forstjóri hefur lýst því yfir að félagið lifi ekki sumarið af án þess að fjármunir komi inn í reksturinn.

Mannlíf hafði áður greint frá því að Icelandair þurfi að minnsta kosti að fá 20 milljarða inn í félagið með boðuðu hlutfjárúttboði en í vikunni kom það fram að sú tala geti verið nærri 30 milljörðum þar sem útlit sé fyrir að félagið verði nær tekjulaust út árið. Stærstu hluthafar flugfélagsins hafa hins vegar sagt að þeir taki engar ákvarðanir um frekari fjárfestingar fyrr en upplýsingar og áætlanir félagsins liggi fyrir.



Jón Karl Ólafsson. Mynd / Skjáskot RÚV

## Sett í þrot?

Jón Karl Ólafsson, fyrrverandi forstjóri Icelandair og stjórnarformaður Heimsferða, hefur lýst yfir áhyggjum sínum að lífeyrissjóðirnir stóru kunni að tapa eignum sínum í flugfélaginu og að mögulega komi til þess að fyrirtækið þurfi að lúta í lægra haldi. Samkvæmt Markaði Fréttablaðsins gera stjórnendur Icelandair ráð fyrir því að áfram verði starfað undir sömu kennitölu en að það hafi einnig verið rætt að setja félagið í gjaldþrot. Flugfélagið yrði síðan endurreist en við það gætu mikil verðmæti og viðskiptasambönd tapast.

Heimildir Mannlífs herma einnig að við samningaborðið undanfarið hafi því verið hótáð að stofnað verði nýtt flugfélag og endursamið við alla. Sömu heimildir herma að töluverðri hörku gæti af hálfu stjórnvalda gagnvart stjórnendum Icelandair varðandi mögulega aðkomu ríkisins að björgunarstarfinu. Þannig eru bæði núverandi hluthafar og stjórnvöld gallhörð á því að fá fyrst að sjá í hvað þau væru að setja peningana.

## Ýta á play í haust

Slæm staða Icelandair blasir við. Félagið tilkynnti í vikunni stærstu hópuppsögn Íslandssögunnar og hyggst efna til hlutfjárúttboða á næstunni, annað fyrir fjárfesta og mögulega annað útboð opið almenningi. Á meðan Icelandair endurskipuleggur starfsemina stefnir Play-flugfélagið að því að hefja flug 1. október og er nú að skoða gylliboðin sem streyma inn frá fjölda fyrirtækja sem bjóða upp á útleigu flugvéla samkvæmt áreiðanlegum heimildum Mannlífs. Félagið hefur kynnt áætlunina fyrir helstu samstarfsaðilum og bakhjörllum samkvæmt sömu heimildum. Þegar félagið hefur fest vélar mun það leysa út flugrekstrarleyfið sem biður þess tilbúið hjá Samgöngustofu og bókunarvél félagsins er einnig tilbúin til að opna fyrir bókanir. Fjármögnun Play til að hefja leik er því í höfn og unnið hörðum höndum nú að því að tryggja langtímafjármögnun félagsins, til þess vantar ekki mikið upp á.

”

**Icelandair lifir ekki sumarið af án þess að fjármunir komi inn í reksturinn.**

## Stærstu hluthafar Icelandair

Par Investment Partners L.P. Boston	13,20%
Lífeyrissjóður verslunarmanna Kringlunni	11,81%
Gildi lífeyrissjóður Guðrúnartúni 1	7,24%
Birta lífeyrissjóður Sundagörðum 2	7,07%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild Engjate	6,24%
<b>Aðrir</b>	<b>54,44%</b>

## Orðrómur

rt@birtingur.is

### » Kaupfélagsstjóra misboðið



Flestar þær útgerðir sem vildu milljarða króna úr ríkissjóði vegna útgefins makrílskvóta hafa hrokkið frá lögsókn. Á meðal þeirra er **Guðbjörg Matthíasdóttir**, auðkona í Vestmannaeyjum, sem rekur Ísfélagið. **Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson**, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Eyjum, heldur aftur á móti sínu striki og krefst bóta. Innan hluthafahópsins í fyrirtæki hans eru skoðanir á þessu skiptar. Þannig er hermt að Þórólfur Gíslason, kaupfélagsstjóri í Skagafirði, sem fer með stóran hlut sé mjög óánægður með framgöngu Sigurgeirs. Löng átakahefð er í Vinnslustöðinni og gæti átt eftir að hitna meira í kolunum ...



### » Markan í vörn



Gustað hefur um Þjóðkirkjuna eftir að **Agnes Sigurðardóttir** biskup rak séra Skírni Garðarsson á dyr. Fjölmíðlafulltrúi biskups er **Pétur Markan**, sem gat sért gott orð sem sveitarstjóri í Súðavík og baráttumaður á Vestfjörðum. Pétur var áður knattspyrnumaður á landsmælikvarða og þótti bera eftirnafn sitt með sóma. Nú er það hlutverk hans að vera í vörn fyrir kirkjuna. Það er ærið verkefni ...



### » Kári kostulegur



**Kári Stefánsson**, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, hefur farið á kostum undanfarið. Fyrirtæki hans hefur tekið ótal sýni úr fólki og greint það hvort fólk sé með veiruna eða ekki. Ekki bólar á neinum efasemdum fólks með rannsókn lífsýnanna. Kári hefur verið gestur víða í fjölmíðlum og glatt marga með sérstöðu sinni og húmor sem á sér vart hliðstæðu. Meðal annars var hann hjá **Gísla Marteini Baldurssyni** í þættinum Víkunni og yfirskyggði þar flesta aðra, meira að segja stjórnandann.



### » Leikbrúðan Víðir



**Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir**, eigandi Kvinnablaðsins, er óhrædd við að gagnrýna þá sem henni þykir þess verðir. Á meðan þjóðin mærir **Víði Reynisson** yfir lögregluþjón, og hina í þrjúkinu, fyrir frammistöðu í veirustríðinu þá skammur Steinunn Ólína hann og segir ónotalegt að sjá hann gerast „leikbrúðu“ þeirra sem vilja stýra fjölmíðlaumræðu á Íslandi. Ástæðan er sú að Víðir ráðlagði fólki að forðast falsfréttir með því að nota fyrst og fremst ritstýrða fjölmíðla ...



Gledilegt veidisumar!



Fæst hjá N1 - OLÍS og veiðiverslunum



**RAFIÐNAÐARSAMBAND  
ÍSLANDS**



# TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!

Rafiðnaðarsamband Íslands sendir félögum, fjölskyldum þeirra og landsmönnum öllum

## BARÁTTUSTRAUMA

á alþjóðlegum degi verkalýðsins, 1. maí. Þakkir til þess mikla fjölda sem staðið hefur í ströngu undanfarið við að halda innviðum þjóðfélagsins gangandi.

Dagurinn verður með breyttu sniði í ár en baráttan er enn til staðar. Þess vegna verðum við að vinna saman sem aldrei fyrr.

***Með samstöðu náum við árangri í átt að betri framtíð.***

Rafiðnaðarsamband Íslands er stoltur bakhjarl UN Women



Aðildarfélög sambandsins:





# Jákvæðni má finna í faraldri

„Við getum fagnað því, og litið á það sem jákvætt teikn, að víða um heim eru viðbrögð okkar lofuð og talin til eftirbreytni. Þessu megum við fagna og muna að þrátt fyrir allt sem hér má gera enn betur er gott að búa á Íslandi, ekki síst þegar fólk tekst á við vanda í sameiningu,” segir Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, þegar hann er spurður um hvort einhver jákvæð teikn megi finna á tímum COVID-19. Forsetinn segir að ýmis jákvæð teikn megi finna og hrósar íslensku þjóðinni fyrir lofsverða samstöðu á mæðusömum tímum meðan þjóðin sé annars ekki þekkt fyrir að lúta aga mjög vel. Guðni og aðrir viðmælendur Mannlífs velta hér fyrir sér björtu hliðunum í veirufaraldrinum.

Texti / Trausti Hafsteinsson

Ekki má gleyma því að Íslendingar hafa látið lífið í faraldrinum, fjöldi fólks hefur misst atvinnu sína og efnahagserfiðleikar blasa við fjölda fyrirtækja og heilu atvinnugreinunum. Guðni leggur á það áherslu um leið og hann veltir fyrir sér þeim jákvæðu teiknum sem faraldurinn geymir. „Það segir sig sjálft að ekkert, nákvæmlega ekkert, er jákvætt við farsótt sem leggur fólk að velli víða um heim. Þar að auki valda nauðsynlegar aðgerðir til að vernda líf og heilsu okkar miklum efnahagslegum skakkaföllum. Enn er langt í að veiran skæða verði yfirbuguð og lyf eða bóluefni fundin sem duga gegn henni. Og hagtjónið verður enn meira áður en yfir lýkur,” segir Guðni.

”  
Við getum fagnað því, og litið á það sem jákvætt teikn, að víða um heim eru viðbrögð okkar lofuð og talin til eftirbreytni.



Enn er langt í að veiran skæða verði yfirbuguð og lyf eða bóluefni fundin sem duga gegn henni,“ segir Guðni. Mynd / Sigurgeir Sigurjónsson



„En það mun birta til. Í því liggur vonin. Von sem er byggð á raunsæi, þrátt fyrir allt, og þá getum við líka horft til þess hvernig brugðist hefur verið við vágestinum, ekki síst hér á landi. Hér má finna mörg jákvæð teikn. Við erum sjálfstæð í hugsun á þessu landi og ekki þekkt fyrir að lúta aga sérlega vel. Engu að síður hefur þjóðin sýnt lofsverða samstöðu þessa erfiðu og mæðusömu daga. Almennt hefur fólk ákveðið að fylgja reglum, tilmælum og leiðbeiningum um varnir gegn veirunni. Við höfum áður sýnt og sýnum það aftur nú að þegar á þarf að halda stöndum við saman.“

Þorgrímur Þráinsson rithöfundur. Mynd / Hákon Davíð Björnsson

## Þakklátur Móður Jörð


Þorgrímur Þráinsson rithöfundur er sammála forsetanum að ekki megi gleyma neikvæðum hliðum faraldursins á meðan jákvæðar hliðar hans séu skoðaðar. Hann vonast til að þjóðin læri sína lexíu inn í framtíðina. „Þetta ástand skaðar flesta fjárhagslega, fer illa með suma en reynsla mín segir að allt leiti jafnvægis. Við förum hægar yfir, lítum oftar í kringum okkur, stöðrum við, spjöllum við ókunnuga.

Þetta opnar fyrir hjartastöðina og samhugur og auðmykt eykst,” segir Þorgrímur sem telur að margir Íslendingar hugsi nú um að breyta til hjá sér.

„Við þurfum að endurmeta margt í lífi okkar og einhverjir hafa hugrekki til að stökkva á ný tækifæri. Farvegur sköpunar opnast og þegar upp er staðið verðum við þakklát Móður Jörð fyrir að slá okkur utan undir. Hún lætur ekki leika sig grátt áratugum saman. Vonandi höfum við lært okkar lexíu.“

## Fjölgun í faraldri

Á meðan kórónuveirufaraldurinn hefur gengið yfir landið hafa um það bil helmingi fleiri Íslendingar fæðst heldur en látist. Yfir 620 einstaklingar hafa látið lífið hér á landi á fyrsta ársfjórðungi ársins og af þeim eru 10 einstaklingar sem hafa látist vegna COVID-19. Þetta gefa tölur Hagstofunnar til kynna og á sama tímabili fæddust 1.080 Íslendingar. Í samanburði við síðustu þrjú ár hafa færri Íslendingar látist í ár þrátt fyrir faraldurinn.



Cheerios  
síðan  
2006

Briet, tónlistarkona



**Við getum öll verið ofsalega stolt. Bæði sem einstaklingar, fjölskyldur og þjóð. Það hefur verið algjörlega magnað að sjá baráttu þjóðarinnar gegn áhlaupi þessa faraldurs.**

Á þeim tíma sem faraldurinn hefur gengið yfir landið fjölgaði Íslendingum um 1.870 manns þegar tekið er tillit til fjölda aðfluttra umfram brottflutta. Íslendingum fjölgaði þannig um 0,5 prósent í byrjun árs 2020. Athygli vekur að á meðan kórónuveirufaraldurinn hefur gengið yfir heimsbyggðina hafa færri Íslendingar látist heldur en á síðustu árum. Þannig hafa að meðaltali riflega 44 Íslendingar látist vikulega fyrsta ársfjórðunginn í ár á meðan þeir voru nærri 46 árin þrjú þar á undan. Flestir hinna látnu voru í aldursflokknum 85 ára og eldri.



Geir Waage.

**Lífið heldur áfram**

Geir Waage, sóknarprestur í Reykholti, gleðst yfir því að Íslendingum hafi fjölgað en ekki fækkað í faraldrinum. Hann vonast til að fólk haldi áfram að horfa inn á við sem hjálpi því við gildin. „Það eru jákvæð teikn

að Íslendingum hefur fjölgað á þessu tímabili og það kennir okkur þá lexíu að lífið heldur áfram. Mér finnst raunar margt jákvætt. Umfram allt hefur fólkið í landinu staðið sig vel með því að sýna ábyrgð og samstöðu. Ég hef ekki séð neitt annað en að fólk hafi farið varlega og farið að tilmælum sem er jákvætt því landinn er ekkert alltaf mjög þegnlegur,“ segir Geir.

„Allt í einu eru allir Íslendingar nokkuð sam-mála í jákvæðni og það er sannarlega gott. Það mikilvægasta tel ég vera að þetta hjálpi mönnum vonandi með gildin. Núna hefur fólk náð að taka aftur upp hjá sér þau gildi sem snúa inn á við og að fjölskyldunni. Það er mjög gott.“

**Miklu fjölskylduvænna**

Edda Arndal, sérfræðingur í fjölskyldufræðum, segir að skjólstaðngar hennar tali margir um ýmsar jákvæðar hliðar við samkomubannið sem verið hefur. Hún veltir fyrir sér hvort samfélagið hafi fengið að upplifa kosti þess að fólk vinni aðeins minna. „Mitt fólk talar um hversu rólegra allt er og að sam-veran sé mun meiri. Þannig minnkar kvíði hjá sumum og ég hef fundið að nærveran hefur í sumum tilfellum verið meðferð sem slík. En hún hjálpar auðvitað ekki til í ofbeldissamböndum og í einhverjum tilvikum er þetta hunderfitt. Allt í einu er meiri fjölskyldusamvera og það getur hjálpað til við að bæta sambönd. Þetta er í mörgum tilfellum miklu fjölskylduvænna,“ segir Edda.

„Með minni vinnu verður samfélagið líka mun fjölskylduvænna og ég

Edda Arndal.



„Við höfum sýnt að við erum reiðubúin að treysta ráðgjöf og forystu þeirra sem best þekkja til í almanna- og veiruvörnum.“

Mymd / Spessi

heyri fólkið tala um þetta. Allt í einu sé til dæmis æðislegt að foreldrarir styðji hvort annað með börnin og skyndilega er tími til að gera ýmislegt saman og með börnunum. Þetta hefur líka hvatt okkur til þess að vera í ríkara sambandi við okkar nánustu.“



Eyþór Eðvarðsson.

**Plánetan fagnar**

Eyþór Eðvarðsson, hjá París 1.5, hópi áhugafólks um loftslagsmál, segir kórónuveirufaraldurinn

vera góðar fréttir fyrir plánetuna. Hann óttast hins vegar að allt kunni að fara aftur í sama horf. „Þótt það sé skelfilegt að segja þetta þá er það svo. Það er kannski slæmt að segja það að maður sé bara ánægður með þetta en það eru klárlega jákvæð áhrif af þessari veiru. Hún hefur hægt svo á hagkerfum heimsins að það sést úr geimnum. Í Kína hefur verið allt að 25% samdráttur á losun gróðurhúsa-loftegunda. Ef við spilum þetta vel hér eftir þá er hægt að ná miklum árangri,“ sagði Eyþór í viðtali í útvarps-

þættinum Reykjavík síðdegis á Bylgjunni.

**Saga sem aðrar þjóðir vilja heyra**

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra er gífurlega stolt af íslensku þjóðinni og sannfærð um að sagan af baráttu þjóðarinnar við COVID-19 verði saga sem fleiri þjóðir muni vilja heyra. „Það er alveg einstakt hvað við höfum náð langt í baráttunni við veiruna en við erum líka með gott fagfólk í þessu stóra verkefni. Með okkar aðferðum og verkfærum hefur okkur tekist mjög vel til.“

Við getum öll verið ofsalega stolt. Bæði sem einstaklingar, fjölskyldur og þjóð. Það hefur verið algjörlega magnað að sjá baráttu þjóðarinnar gegn áhlaupi þessa faraldurs,“ segir Svandís.

„Persónulega finnst mér

þetta hafa verið leiðangur sem hefur dregið fram það besta og sterkasta í íslensku samfélagi. Við hikum ekki við að standa saman undir miklu álagi og erum fljót að hugsa út fyrir boxið, Við eigum að vera stolt af því að vera þátt-takendur í slíku samfélagi.“

**Settu sig ekki á háan hest**

Guðni forseti sér tilefni til að hrósa stjórnmalmonnum fyrir að hafa staðist þá freistingu að nýta faraldurinn til að auka eigin vinsældir.

„Ráðamenn hafa ekki heldur nýtt ástandið til að auka eigin völd og taumhald á borgurinum. Sú hætta er alltaf fyrir hendi við aðstæður af þessu tagi að valdhafar sækist eftir sviðsljósinu til að afla sér fylgis og atkvæða. Þegar fullnaðarsigur hefur unnist hér eigum við að þakka fólkinu í fylkingarbrjósti og fólkinu sem stóð í ströngu, heilbrigðisliði okkar og öðrum sem sinntu sínum störfum af mikilli samviskusemi við erfiðar aðstæður,“ segir Guðni.

„Við höfum einnig sýnt að við erum reiðubúin að treysta ráðgjöf og forystu þeirra sem best þekkja til í almanna- og veiruvörnum. Þetta höfum við gert óháð því hvort valdboði var beitt, og kunnum því vel að sérfræðingar okkar settu sig ekki á háan hest. Þetta er líka jákvætt teikn sem gott er að muna þegar fram líða stundir.“

Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra.

**782-0503**

**Vantar þig vönduð heimilisþrif?**

Traust þrif geta bætt við sig þrifum fyrir heimili í öllum stærðum og gerðum.

Góð meðmæli og traust þjónusta fyrir þá sem vilja aðeins meira.

Hafðu samband við okkur í síma **782-0503** eða á **traustthrif@gmail.com** og fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki eða húsfélag.

**Mannfjöldi, fæðingar, andlát og búferlaflutningar á 1. ársfjórðungi 2020**

	Alls	Karlar	Konur
Mannfjöldinn í lok ársfjórðungsins	<b>366.130</b>	<b>188.040</b>	<b>178.090</b>
Mannfjöldinn í upphafi ársfjórðungsins	<b>364.260</b>	<b>186.960</b>	<b>177.300</b>
Breyting	<b>1.870</b>	<b>1.080</b>	<b>790</b>
Fæddir	<b>1.080</b>	<b>570</b>	<b>510</b>
Dánir	<b>620</b>	<b>290</b>	<b>320</b>
Aðfluttir umfram brottflutta	<b>1.410</b>	<b>800</b>	<b>610</b>
Aðfluttir	<b>3.130</b>	<b>1.780</b>	<b>1.350</b>
Brottfuttir	<b>1.720</b>	<b>980</b>	<b>740</b>



# Umhverfisvænir

BAMBUS TANNBURSTAR



Góðin fyrir þig  
OG NÁTTÚRUNA!

**Colgate**



**Viðtalið**

PÉTUR EINARSSON



# „Ég þekki ekki líkama minn lengur“

**Pétur Einarsson er með ólæknandi, sjaldgæft krabbamein og segist efast um að hann lifi til hausts. Hann segist ekki vera hræddur við dauðann. „En mig langar til að deyja án deyfilyfja af því að þá missi ég ekki af upplifuninni.“ Pétur heldur úti Facebook-síðunni Dagbók krabbameinssjúklings þar sem hann skrifar hugleiðingar og fólk segir frá sinni erfiðu lífsreynslu.**

Texti / Svava Jónsdóttir  
Myndir / Helgi Jónsson

**E**ldri maður birtist á tölvu-skjánum, þar sem hann situr hinum megin á landinu. Sólin skín bæði fyrir sunnan og norðan og sólargeislarnir varpa birtu á andlit hans. Hann kveikir í sígarettu. „Þú verður að fyrirgefa að ég reyki. Ég er búinn að gera það síðan ég var 18 ára.“

Hann er spurður hvort hann hafi ekkert minnkað reykingarnar eftir að hann greindist með krabbameinið. „Það breytir engu. Það breytir engu til eða frá.“

Pétur Einarsson býr ásamt eiginkonu sinni, Svanfríði Ingvadóttur, í sveitasælunni fyrir norðan þar sem þau hafa meðal annars boðið ferðamönnum upp á gistingu.

Hann hafði fundið fyrir sívaxandi þröttleysi frá fyrri hluta árs 2017. „Ég leitaði ekki til læknis strax þar sem konan mín þurfti að fara í hjartaaðgerð og það var beðið eftir því að þeirri aðgerð lyki og hún næði sér. Ég fór síðan í skoðun og var greindur í mars í fyrri með hvítblæði. Það var þrýst á mig að fara í meðferð en ég vildi það ekki. Ég hafnaði meðferð vegna þess að lyfin sem eru í boði eru bara eitru auk þess sem krabbameinið var sagt vera ólæknandi. Ég sagði að þegar kallið kemur þá eigi maður að hlýða því,“ segir Pétur.

„Það er snjóþungt á veturna hérna fyrir norðan og við fórum til Suður-Spánar í vetur og leigðum þar afskaplega ódýra, litla íbúð sem kostaði 10 evrur á dag per mann. Við vorum þar í 105 daga og slappum við snjóinn hérna fyrir norðan; ég bara treysti mér ekki í hann. Ég var orðinn svo slappur. Svo komum við heim rétt fyrir COVID-19 vegna þess að við áttum von á skíðahópum sem ætluðu að gista hjá okkur en öll innkoma sem við áttum von á á þessu ári er horfin. Gersamlega horfin eins og hjá fjölmörgum öðrum.“

## Nýkvæntur

Pétur fékk svo réttu greininguna í mars á þessu ári þegar í ljós kom að hann er með sjaldgæfa tegund af krabbameini sem kallast ACML, sem er krabbamein í stofnfrumum í merg, sem hann segir að engin meðferð sé til við. „Ég á ekki von á því að lifa til haustsins. Jafnvel skemur. Mér fer dagversnandi. Ég ákvað núna í mars í samráði við konuna mína að fara í meðferð sem felst í að lengja líf mitt eitthvað af því að okkur fannst við eiga eftir að gera ýmsa hluti þannig að þeir yrðu í lagi þegar ég fell frá. Það er til dæmis spurningin hver verði framtíð konunnar minnar. Það þarf að ganga frá ýmsu ef annar aðilinn fellur frá. Við ákváðum að gifta okkur í vor vegna þess að ekkja er með betri réttarstöðu heldur en fyrrverandi ástkona og svo er miklu virðulegra að vera ekkja heldur en fyrrverandi ástkona,“ segir Pétur.

”

**Ég hef aldrei á ævi minni upplifað aðra eins vítisverki eins og ég fékk á tímabili.**

„Sindri, sonur okkar, skreytti hlöðuna fyrir okkur og það var af ráðnum hug sem athöfnin þar fór fram í rökkri þannig að það var mikið af kertaljósum og mjög rómantískt. Presturinn, séra Magnús Gunnarsson, gerði þetta afskaplega vel. Það voru mjög fáir viðstaddir. Þegar Svanfríður gekk inn í salinn var brúðarmarsinn spilaður og Sindri leiddi hana inn. Svo upphófst hin venjulega athöfn og við vorum í faðmlögum og skældum hvort framan í annað. Það eru náttúrulega miklar tilfinningar á bak við svona því ljóst er að lífið er að verða búið hjá öðrum aðilanum og hinn verður eftir á jörðinni. Þetta var ákaflega ljúfsár og falleg athöfn. Óskaplega falleg. Veðrið var stillt og það var blankalogn, rökkur og þetta var kertaljósheimur,“ segir Pétur og bætir við að þennan dag hafi kærlekurinn og gleðin ríkt.

## Dagbók krabbameinssjúklings

Fjölskyldumeðlimir, ættingar og vinir hafa síðustu vikur rennt í hlað og kvatt Pétur hinstu kveðju. „Þegar við konan mín vorum fyrst að tala um sjúkdóminn þá fórum við auðvitað að gráta. Maður heldur aftur af sér þegar börn okkar, barnabörn og barnabarnabörn eru hérna og svo þegar þau eru farin þá rífnar eitthvað í hjartanu og eitthvað tóm kemur og tárin byrja að renna. Ég er svo heppinn að mín jarðarför er glettilega löng. Hún er orðin einn og hálfur mánuður. Við fjölskyldan, ættingjar og vinir erum búin að ganga í gegnum þessa löngu jarðarför. Það eru nánast allir sem ég þekki búnir að koma og kveðja mig hinstu kveðju og það hefur mildað allan söknuð, held ég, og þessar erfiðu tilfinningar sem koma upp þegar hinn svokallaði dauði er fram undan. Það fara náttúrulega allir að skæla í byrjun, tárin renna og fólk á erfitt með að tala. En því meira sem maður talar um þetta og því fleiri sem tjá sig því meira veit fólk og verður rólegra.“

Pétur opnaði svo í byrjun apríl Facebook-síðuna Dagbók krabbameinssjúklings þar sem hann deilir reynslu sinni og vill auk þess að fólk sem hefur barist við krabbamein geri slíkt hið sama. „Þessi hópur snýst um reynsluheim krabbameinssjúklings. Öllum er boðið að taka þátt. Því meiri umræða, því meiri þekking,“ segir í færslu hans frá 5. apríl.

„Ég er að þessu til að gera gagn fyrir aðra ef ég get. Það voru allir að spyrja hvernig mér liði og þess vegna ákvað ég að stofna svona hóp; ég hugsaði af hverju ekki að tala bara við alla vegna þess að mér hefur fundist krabbamein vera hálfhulinn veikindi í íslensku þjóðfélagi. Það er talað um allt í lífinu, svo sem kynlíf, en ekki svo mikið um langvinn veikindi, bæði líkamleg og andleg. Veikindi geta sýkt heilu fjölskyldurnar þannig að þær geta nánast orðið veikari en sjálfur sjúklingurinn,“ segir Pétur.

Hann hefur óbilandi trú á því að þegar fólk talar saman af einlægni og reiðilaust þá upplýsi það hvert annað. Og því upplýstara sem fólk er því meiri möguleiki sé á að það verði betri jarðneskar verur.



## Viðtalið

PÉTUR EINARSSON

„Ég held að við eigum að tala um allt á eins hófsa-  
man máta og við getum. Það er aragrúi fólks sem  
sendir mér fallegar kveðjur og ég er ákaflega þakk-  
látur fyrir það. En þessi síða var ekki stofnuð til að  
fólk færi að segja „elsku Pétur, hvað ég hef mikla  
samúð með þér“. Ég var ekkert að biðja um samúð  
þótt mér þyki hún vera góð. Ég var að biðja um um-  
ræðu fyrir mig og alla aðra.“

### Styttist í kveðjustundina

Það styttist æ meira í kveðjustund hjónanna nýgiftu.  
„Konan mín, sem er yndisleg mannvera og jarð-  
neskur engill, sagði: „Nú fer ég að byrja að æfa mig í  
því að vera ein til þess að þetta verði ekki allt of mikið  
högg.“ Mér finnst þetta vera dásamlegt, segir Pétur.

Honum finnst verst að vera svona einskis nýtur og  
geta ekkert unnið, og segist hann varla fara út fyrir  
hússins dyr. „Ég ligg í rúminu megnið af deginum  
og ég kalla oft í Svanfríði. Hvenær er maður búinn  
að buga maka sinn með þessu suði? Þetta er alveg  
breyttur heimur. Hjúkrunarfólk kemst þó heim til  
sín þegar vaktinni lýkur nema vakt Svanfríðar lýkur  
bara ekkert. Svo er líka hitt; það er staðreynd að ég  
ber ábyrgð á mínum líkama og mínum sjúkdómi og  
maður má ekki leggja byrðina á aðra eins og maður  
hefur tilhneigingu til,“ segir Pétur.

Hann segist leggja áherslu á að kvarta sem minnst  
og biðja um sem minnsta aðstoð. En þegar hann  
geri það þá sárni konunni hans. „Það er erfitt að feta  
meðalveginn. Hún benti mér á að ég væri orðinn svo  
fjarlægur og ræddi það meira að segja við eina dóttur  
mína. Ég skynjaði ekki að ég væri orðinn fjarlægur.  
Það þurfti að segja mér þetta. Það er vegna þess að  
líkaminn er orðinn svo orkulítill að maður á bara  
fullt í fangi með að halda honum gangandi,“ segir  
hann. „Líkamleg tilvera fer bara að snúast um sjálfa  
sig þó að vitundin sjálf sé alltaf einhvers staðar og  
fylgist með öllu. Ég er að reyna að vanda mig við  
að vera meðvitaður um að vera í lífinu, jarðlífinu, á  
meðan ég er hérna.“

### Vítisverkir

Verkirnir hafa oft verið miklir, að sögn Péturs.  
„Kvalirnar hafi verið rosalegar á tímabili. Heilbrigðis-  
isþjónustunni hérna fyrir norðan tókst að verkjastilla



„Mér finnst ég, satt að segja, vera kominn að þessari skýrtnu  
hulu sem hylur þann heim sem okkur er gefið að skynja og  
þann heim sem við skynjum betur síðar.“

mig þannig að ég er nánast verkjalaus og þá lítur lífið  
náttúrulega allt öðruvísi út þegar maður losnar við  
verkina. Manni verður hugsað til fyrri kynslóða sem  
höfðu ekki verkjalyf. Þvílíkar vítiskvalir sem þetta  
fólk þurfti að ganga í gegnum. En guði sé lof þá byður  
heilbrigðisþjónusta okkar upp á annað.

Ég hef aldrei á ævi minni upplifað aðra eins vítis-  
verki eins og ég fékk á tímabili. Það er sannarlega  
skóli þegar gamall, feitur karlnagli eins og ég fer að  
gráta af kvöllum. Ég er af þeirri kynslóð að menn  
grétu ekki; við kvörtuðum ekki. Það voru bara  
ræflar sem kvörtuðu. Og maður er byrjaður að læra  
það á seinni hluta ævinnar að segja frá tilfinningum  
sínunum. Mér fannst enginn endir vera á þessum  
vöndu kvöllum. Og ég lærði mikið af því. Ég komst  
að þeirri niðurstöðu að ef ég yrði handtekinn af  
leyniþjónustu einhvers lands og það ætti að þína mig  
til sagna þá tæki það ekki nema 30 sekúndur þar til  
ég væri búinn að segja allt,“ segir Pétur og bætir við  
að hann hafi rannsakað sjálfan sig í veikindunum.

„Hvernig ég hef brugðist við, hvenær líkaminn  
verður gramur og úrillur, hvenær líkami minn og sál  
verður glöð og þakklát, hvað þolinmæði mín dugar  
lengi og hvað áreitishóli mitt er. Eitt sem hefur gerst  
er að sársaukaþróskuldur minn hefur snarlækkað.  
Ég fann ekkert fyrir því í byrjun þegar var verið að  
taka úr mér blóð eða gefa mér blóð en núna ætla

allt um koll að keyra við eina nálarstungu. Ég þekki  
ekki líkama minn lengur. Hann bregst við á allt  
annan máta heldur en hann gerði áður. Þetta er  
algerlega nýr líkami. Ég flýt stundum næstum því  
út úr rúminu á nóttunni, bullsveittur. Svo koma  
marblettir út um allt upp úr þurru.

Hægðir til búks og kviðar, að pissa og kúka, er  
kannski eitthvað sem má ekki tala um en það er bara  
rosalega erfitt.

Einn daginn fannst mér fætarnir á mér vera að  
springa í tætlur; eins og húðin væri að rifna. Fyrst  
var haldið að þetta væri bjúgur og svo héldu menn  
að þetta væri heimakoma sem er sýking í húð. Þetta  
var bara orðið andskoti óþægilegt. Funheitar lappir  
og harðar eins og járn og bara mjög erfitt að ganga.  
Svo fékk ég einhver sýklalyf til viðbótar öllum hin-  
um töflunum. Ætli ég taki ekki um 26 tegundir. Ég  
sem vil helst ekki töflur. Bara vil þær ekki,“ segir  
Pétur ákveðinn. Hann segir að það sé alltaf eitthvað  
nýtt að koma upp á tengt veikindunum.

„Á einum tíma voru svoleiðis djöfullegir verkir  
í öllum liðum allt í einu. Upp úr þurru. Svo kom  
ofsakláði á tímabili sem ég held að lyfin hafi valdið.  
Samhæfing handa og fóta brenglaðist töluvert mikið.  
Það er svolítið erfitt að greina á milli afleiðinga sjúk-  
dómsins og lyfjanna.“

Það heyrir í kirkjuklukkum hringja fyrir sunnan,  
á meðan baða sólargeislarnir enn andlit Péturs fyrir  
norðan. „Ég hef gengið meira og minna á morfni  
síðan ég fór í meðferð. Ég hef jafnvel fundið að hugs-  
un mín er ekki eins skýr og hún var og ég er lengur  
að hugsa. Ég þarf að vanda mig óskaplega. Svo er ég  
kominn með einhverja dyslexíu; lesblindu. Og ég  
finn að dómgreind mín hefur sljógvast; also dóm-  
greind mín miðað við raunveruleikann.“

Ég er búinn að læra alveg helling en vitund mín  
hefur ekkert breyst.“

Pétur segist vera orðinn mildari og þolinmóðari heldur  
en hann var áður en hann veiktist. „Ég held ég taki  
miklu meira tillit til fólks heldur en ég gerði áður. Og  
ég er með einhvern undarlegan og sterkan vilja til að  
setta við alla sem eiga mögulega get ef einhverjum  
finnst hann eiga eitthvað óþuggert við mig. Maður á  
alltaf, ef maður getur, að fara sáttur til sængur.“

**Í SAMSTARFI VIÐ UMFI**

# VÍKINGAR MÓT

SKRÁNING OG ALLAR UPPLÝSINGAR  
TAKTU ÞATT I ENN EÐA ÖLLUM KEPPNUM

**SALOMON TRAIL HENGILL ULTRA**  
5. - 6. JÚNÍ 2020  
UTANVEGAHLAUP  
5KM · 10KM · 25KM · 50KM · 100KM  
WWW.HENGILLULTRA.IS

**KIA GULL HRINGURINN**  
11. JÚLÍ 2020  
GÖTURHJÓL  
48KM · 66KM · 106KM  
WWW.KIAGULLHRINGURINN.IS

**LANDSNET 30&2**  
15. ÁGÚST 2020  
FIALLAHJÓL  
32KM · 64KM  
WWW.FACEBOOK.COM/LANDSNET32

**ELDSLÓÐIN NATURE TRAIL**  
5. SEPTEMBER 2020  
UTANVEGAHLAUP  
5KM · 10KM · 28KM  
WWW.FACEBOOK.COM/ELDSLODIN

BAKHJARLAR VÍKINGA MÓTARADARINNAR

66 NORTH

HÓTEL ÖRK

BYKO

SAMTARFSVÖRUR VÍKINGA MÓTARADARINNAR

COMPRES SPORT

Buff

SM

## Annað tilverustig

Pétur segist vera næmur maður á hið andlega, hann er sannfærður um mátt bænarinnar og segist alltaf hafa lifað í tveimur heimum. „Í raunveruleika og svo skulum við kalla hitt hugveruleika. Ég held að allir geti skynjað en ég vil vera opinn og taka á móti. Ég vil treysta en sannreyna. Ég tel að ímyndunaraflíð sé miklu merkilegra heldur en raunveruleikinn. Miklu merkilegra. Og ég hef sökk mér niður í rannsóknir á ímyndunaraflinu síðastliðin 20 til 30 ár. Ég er til dæmis sannfærður um mátt bænarinnar. Við erum stundum óþolinmóð en hún virkar alltaf á einhvern máta

til góðs. Það er engin spurning,“ segir Pétur ákveðinn. Hann hefur líka upplifað margt og mikið að eigin sögn, og er búinn að skrifa bók á ensku, sem hann segir mega túlka sem andlega ævisögu hans. Bókin heitir Metasophy, með undirtitlinum Learning To Die – Dying To Learn, bókin er rúmlega 300 bls. og til sölu á netinu.

Pétur segist hafa þælt í dauðanum alveg eins og hann hefur skoðað fæðinguna. „Dauðinn er ekkert annað en ný fæðing. Umbreyting. Ég sem vera fer úr þessum líkama. Hann er orðinn slitinn og honum er ekki ætlað að lifa lengur og ég fer til míns heima. Það er orka sem flyst.

Ég þykist vera viss um það að ég ræð sjálfur hvað gerist næst eftir að ég dey. Ef ég til dæmis ákveð það að sameinast alheimsvitundinni og hverfa sem vera þá verður það svo. Ég tel að þessi vilji vitundarinnar sé ofboðslega sterkur,“ segir Pétur.

„Mér finnst ég, satt að segja, vera kominn að þessari skrýtnu hulu sem hylur þann heim sem okkur er gefið að skynja og þann heim sem við skynjum betur síðar. Ég sé hana fyrir mér eins og net með mjög litlum möskvum þar sem við síumst í gegn og förum í það sem ég kalla aðrar víddir. Það eru milljónir af víddum. Það er nánast endalaust.“



PÉTUR OG SVANFRÍÐUR: Hjónin eru búin að ákveða að það verði ekki jarðarför og Pétur vill verða brenndur, Svanfríður má svo ráða hvað hún gerir við óskuna.

LANDSMET 3062 LANDSNET

salomon HENGILL ULTRA

SKRÁDU ÞIG FYRIR 4. MAÍ OG NOTADU "SIGRUMC19" OG FADU 20% AFSLÁTT

**TARÖÐIN 2020**

Á NETSKRÁNING.IS/VIKINGAR  
LUNUM OG SIGRÁÐU SJALFAN ÞIG Í SUMAR!

VIÐ HLYÐUM VÍÐI OG FYLGJUM ÖLLUM REGLUM ÞREMMINGANA

LAUGARVATN fontana samskip GARMINBÚÐIN

GRILLPARTY VÍKINGA MÓTARÁÐARINNAR

SS Hella SNICKERS

VIKING BRUGGHUS POWERADE Coca-Cola

fontana samskip GARMINBÚÐIN

salomon S SPECIALIZED TAG Heuer



Viðtalið

PÉTUR EINARSSON

„Ég er að reyna að vanda mig við að vera meðvitadur um að vera í lífinu, jarðlífinu, á meðan ég er hérna.“



Pétur er spurður hvort hann hræðist dauðann. „Nei, nei, nei nei, ertu frá þér? Ég held að ég hafi verið miklu hræddari þegar mamma var að eiga mig, að troða líkamanum mínum út í heiminn. Hins vegar veit maður ekki hvernig maður bregst við fyrr en maður horfist í augu við það sem mun gerast. Það er svo skrytið. Og líkami minn mun hanga í því að reyna að lifa þó að ég sjálfur sé tilbúinn að fara. Það er eðli hans. Ég er sallarólegur yfir þessu af því að ég veit hvert ég er að fara. Ég er fullviss um hvað gerist þegar líkaminn deyr. Ég fer aftur heim til mín þáðan sem ég kom og ég held áfram á minni þróun- arbraut,“ segir Pétur sem vill deyja heima þegar kallið kemur. „Aðstæður geta þó breyst þannig að ég verði að blása út á spítala. Þá verður svo að vera. En mig langar til að deyja án deyfilyfja af því að þá missi ég ekki af upplifuninni.“

### Minningarstund

Pétur segir að hjónin séu búin að ákveða að það verði ekki jarðarför og Pétur vill verða brenndur, Svanfríður megi svo ráða hvað hún geri við óskuna. „Síðan á að vera indversk útför; þeir sem vilja eiga að kveikja kertaljós og hugsa til mín í 15 daga. Á 15. degi, ef veður leyfir, verður svolítil kveðjustund hérna niðri við Selárfoss sem er yndislega fallegur. Við sjáum fyrir okkur að það verði sungið ákveðið lag, Lys milda ljós, og ég er með ákveðinn aðila í huga sem ég vil að segi nokkur orð um okkar vin- skap,“ segir Pétur. Öðru má Svanfríður kona hans ráða, hún eigi þó að bjóða þeim gestum sem koma til hlöðu, og þar eigi að borða, dansa og drekka fram eftir nóttu, því þetta eigi að vera gleðistund. Pétur segist vita hvað gerist eftir dauðann og aðspurður um þátttöku hans í athöfninni svarar hann: „Mig langar til þess að vera þarna. Og þetta er kveðju- stundin þegar veran fer til síns heima – hvar sem sá heimur er. Ég hef hins vegar enga löngun til að verða einhvers konar afturganga og henda bókum upp í loftið.“

### Innan um hóp af verum

Líf Péturs hefur ekki alltaf verið dans á rósum. Hann viðurkennir að ýmsir erfðeikar í lífi hans á árum áður hafi gert hann sterkari þannig að hann hræðist ekki dauðann. Hann talar svolítið um alkóhólismann sem fylgdi honum um árabíl. Hann talar líka um andlega leit hans á Índlandi þar sem hann gekk á gló- andi kolum. Og hann dvaldi meira að segja einu sinni



Ég fer aftur heim til mín þáðan sem ég kom og ég held áfram á minni þróunar- braut.

Pétur Einarsson. „Ég á ekki von á því að lifa til haustsins. Jafnvel skemur. Mér fer dagversnandi.“

í munkaklaustri í Suður-Frakkandi þar sem hann þurfti að þegja í nokkrar vikur.

„Ég var undir ofboðslegu álagi í starfi og einkalífi í fjöldamörg ár. Menn tala í dag um að fólk verði útbrunnið. Ég held ég hafi ekki brunnið út. Ég brann til ósku á tímabili og það tók mig mörg ár að ná fótfestu eftir þetta. Þá kom í ljós hverjir voru vinir mínir og hverjir ekki. Þetta var mjög vondur tími í mínu lífi en afar þroskandi. Þegar ég fór að átta mig eftir þennan svakalega erfiða tíma þá fór ég náttúrulega í sjálfsrækt. Þetta var erfiður ferill en hann var þroskandi. Það er skrytið að ég held að mig hafi alltaf langað djúpt inni að fara á botninn í þessu jarðlífi til þess að skilja hvernig er að vera þar. Og ég er búinn að því. Ég hvet engan til að fara í þá rannsóknarvinnu. Það er ekki þess virði,“ segir hann um leið og hann kveikir sér í annarri sígarettu.

„Er þetta ekki að verða búíð, elskan mín?“ spyr hann. Hann segist vera dauðþreyttur – maðurinn sem segist ekki vera hræddur við dauðann og vita hvað taki við: Annar heimur. Önnur vídd. Sumir sem tengjast þeim heimi hérna megin kalla það Astralsviðið og að við séum tengd því sviði þegar okkur dreymir. Aðspurður um hvað hann hafi dreymt síðustu nótt, tekur hann sér tíma til að hugsa sig um: „Ég var innan um hóp af verum. Ég

var að reyna að ná sambandi við þær en þær sáu mig ekki. En ég sá þær. Það tókst ekki að ná neinni tengingu,“ segir Pétur, tími hans er ekki kominn, ekki enn.

### Ferill Péturs

Pétur hefur réttindi héraðsdómslögmanns, atvinnu- flugmanns, húsasmíðameistara og minni skip stjórn- arréttindi. Hann starfaði sem sjálfstæður lögmaður og fasteignasali og var stofnandi einnar elstu fast- eignasölu Íslands, Eignaborgar í Kópavogi. Hann var einnig einn af stofnendum flugskólans Flugtak. Árið 1978 hóf hann störf hjá Flugmálastjórn Íslands og starfaði þar sem varaflugmálastjóri og flugmálastjóri frá 1983 til 1992. Þá starfaði hann sem alþjóðlegur ráðgjafi í Austur-Afríku 1989 til 1994 að ýmsum verkefnum en aðallega að flugmálum. Á þessum árum var hann reglulega með útvarpsþætti, skrifaði reglulega í dagblað og hélt námskeið í fundarstjórn og fundartækni. Pétur hefur skrifað nokkrar bækur. Sú umfangsmesta er Metasophy sem þegar hefur verið minnst á.

Pétur hefur alltaf haft mikinn áhuga á mannúðarmálum og stofnaði sjálfseignarstofnunina Rannsóknarstofnun hugans. Hann segist bera mikla virðingu fyrir orðu þeirri er hann var sæmdur af Bretadrottningu, CBE.



## Opel Grandland X Frábær ferðafélagi!

Bílabúð Benna hækkar ekki verð

Verð frá 3.990.000 kr.

THE FUTURE IS EVERYONE'S

opel.is

Reykjavík  
Krókhálsi 9  
Sími: 590 2020

Opið  
Virka daga 9–18  
Laugardaga 12–16

Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Opið  
Virka daga 12–17



NÝTTI!

NÓA



NÓA

Sumar

Með jarðarberjabragði

TROMP

PETTA VERÐUR ALGJÖRT  
TROMP SUMAR!

Taktu sumarið með trompi og prófaðu glænýja viðbót við lakkríslínu

Nóa Sírius. Tromp með jarðarberjabragði. Algjör sumarsæla!



NÓADAGURINN  
Besti dagur vikunnar!

ÍSLENSKT  
gjörir svo vel



**Innlent**  
LEIÐARI

## Dauðastríð Péturs

Eftir / Reyni Traustason

**P**étur Einarsson berst við ólæknandi krabbamein. Hann segir sögu sína í Mannlífi. Pétur er meðvitaður um að þetta er stríð sem endar með dauða. Æðrulaus gengur hann til móts við örlög sín.

Hann vill deyja heima. „Aðstæður geta þó breyst þannig að ég verði að blása út á spítala. Þá verður svo að vera. En mig langar til að deyja án deyfilyfja af því að þá missi ég ekki af upplifuninni,“ segir hann við Mannlíf.

Pétur á að baki langt líf. Hann hefur fengið tækifæri til að starfa á mörgum og fjölbreyttum sviðum. Um tíma var hann flugmálastjóri.

Pétur heldur úti síðunni Dagbók krabbameinssjúklings á Facebook. Þar lýsir hann stundum sársauka og gleði. Sumir dagar eru góðir en aðrir slæmir, jafnvel hræðilegir. Með því að stofna síðuna kallar hann eftir umræðu um stöðu þeirra sem eru að berjast við sama vággest og hann. Pétur hefur afráðið að nýta vel lokaáfangann á jarðvist sinni og ganga frá sem flestum sínum málum og njóta sem kostur er þeirra gæðastunda sem gefast. Þannig gekk hann í hjónaband með sambýliskonu sinni svo hún yrði ekkja við lát hans en



„Þessi jarðarfor er orðin með lengstu jarðarforum.“

ekki fyrrverandi ástkona. Þá hefur hann leitast við að gera upp mál frá langri lífsleið og ná sátt, ekki síst við sjálfan sig. Pétur lýsir þessum tímum sem langri jarðarfor þar sem hann gerir allt sem í hans valdi er til að njóta þess sem lokaspjettur lífsins hefur upp á að bjóða. „Þessi jarðarfor er orðin með lengstu jarðarforum,“ skrifaði Pétur.

Það er aðdúnarvert að fylgjast með baráttu hans og sjá það æðruleysi sem einkennir hann í aðstæðum þar sem margir gefast skiljanlega upp. Hverjum manni er það hollt að fylgjast með Pétri og tileinka sér jákvæð viðhorf hans í stöðu sem einhver sér vafalítið sem vonlausa. Tvennt er öruggt í lífinu, Við fæðumst og við deyjum. Dauðinn hefur gjarnan verið tabú. Fólk forðast gjarnan að hugsa um endalokin. Pétur hefur þann hátt á að opinbera dauðastríð sitt og gefa fólki innsýn í þessi endalok lífsins.

Þetta er virðingarvert. Öllum er hollt að hugsa til þess hvernig þeir vilja haga lífi sínu og hvert þeir vilja stefna lífi sínu. Það er of seint að iðrast eftir dauðann, eru fleyg orð. Með þessu er ekki verið að segja fólki að leggjast í vol eða víl. En til þess að verða betra fólk er nauðsynlegt að átta sig á upphafi og endi. Þannig getur maður hugleitt hvernig rétt sé að haga lífi sínu og hver eigi að vera eftirskrift þeirra.

Pétur á heiður skilinn fyrir að gefa fólki innsýn í heim krabbameinssjúklingsins á svo einlægan og opinskáan hátt. Skrif hans munu örugglega leiða gott af sér og opna umræðu um það sem áður var tabú. Dauðinn er ekkert sem fólk á að hræðast að tala um. Hann er jafneðlilegur og fæðingin og allt annað á lífsins braut. Það er gefandi að fylgjast með umfjöllun Péturs og fá innsýn í baráttu hans. Kjarkur hans er aðdúnarverður. Það þarf áræði til að leggja svo viðkvæm mál fyrir alþjóð. Og það þarf ekki síður áræði til þess að standa uppréttur og skora dauðann á hölm án þess að blikna. Pétur sýnir hetjulund og á þakkar skildar.



HVERNIG FÓLKI SEM VIRÐIR EKKI TVEGGJA METRA REGLUNA FINNST KOMIÐ FRAM VIÐ SIG.



HVERNIG TVEGGJA-METRA REGLAN VIRKAR Í RAUN OG VERU.

JONO DUFFY & EINAR V. MÁSSON

Skoðun

Eftir / Jóhannes Þór Skúlason

## Við erum sterkari saman

■ Á undanförunum tíu árum hefur ein atvinnugrein haft afar mikil áhrif til þess að breyta ýmsum grunnþáttum í íslensku efnahagslífi og samfélagi. Í kjölfar bankahruns og Eyjafjallajökulgossins tók ferðapjónusta að vaxa á Íslandi, áhugi á áfangastaðnum jókst og hugmyndaríkt markaðsátak skilaði árangri. Þessa sögu þekjja flestir vel, segja má að ferðamanna-sprenging hafi orðið á Íslandi með tugprósenta aukningu milli ára mörg ár í röð.

Íslendingar tóku á móti þessari óvæntu sprengju með klassísku hugarfari, það var gengið í málið, ermar brettar upp, fyrirtæki stofnuð, hótél byggð, tæki keypt, afþreying þróuð, hráefni nýtt og þannig með gríðarlegu átaki voru verðmætin borin í hús. Um allt land spruttu upp fyrirtæki á grunni góðra hugmynda og þekkingar sem bjuggu til reynslu, viðskipta-sambönd og atvinnu fyrir fólk og tóku að skila miklum peningum í beinar skatttekjur til samfélagsins árlega, allt upp í 65 milljarða u.þ.b. króna á ári.

Og efnahagurinn gjörbreyttist. Erlendur gjalddeyrir sem gestir báru með sér varð að gjald-eyriskjúm

fyrir þjóðarbúið, meiri en slíkar tekjur af fiski og áli samanlagt, og safnaðist saman í álitlega bólginn sjóð í skúffum Seðlabankans sem studdi við meiri stöðugleika krónunnar.

Allt leiddi þetta gerbreytta umhverfi til þess að hægt var að hækka laun á Íslandi um tugi prósent á þess að verðbólga æti þau upp og kaupmáttur fólks í samfélaginu jókst og jókst og varð sá hæsti frá upphafi mælinga. Lífskjör fólks á Íslandi tóku stakkaskiptum á mun styttri tíma en nokkur hafði getað búist við árið 2010.

Og það er það sem við þurfum að verja núna. Lífskjörin.

Við viljum ekki að samfélagið verði drepit í dróma atvinnuleysis og samfélagslegs vanda um margra ára skeið. Við viljum ekki að kaupmáttur dragist niður á ný til fram-búðar og atvinnulíf á landsbyggðinni verði fátæklega á ný. Við viljum ekki að sú reynsla, hugvit, þekking

og fjárfesting sem fólk hefur byggt upp á undanförunum 10 árum hverfi út í buskann og með því möguleikar okkar til að byggja upp lífskjörin á ný.

Við viljum öll að Ísland komist upp úr skurðinum á undan öðrum. Við höfum gert það áður og við getum gert það aftur. Við viljum að þetta skelfilega ástand standi eins stutt yfir og mögulegt er og við viljum að það skerði lífskjör okkar allra eins lítið og hægt er. Við viljum verja það sem við höfum byggt upp og þannig geta búið enn betur í haginn fyrir framtíðina.

Það er betra að taka út kostnað núna í stað þess að taka út meiri efnahagslegan og samfélagslegan kostnað síðar í lengri og dýpri kreppu. Langvinnara atvinnuleysi. Meiri samfélagslegan kostnað. Lægri kaupmátt. Lakari lífskjör.

Þess vegna eru aðgerðir stjórnvalda til að aðstoða ferðapjónustuna svo mikilvægar núna. Til að þegar þessu tímabili lýkur getum við aftur gengið í málið, brett upp ermar, skapað verðmæti og skilað samfélaginu gjalddeyri og skatttekjum. Gert það sem við gerum best. Varið lífskjörin.

**Það er betra að taka út kostnað núna í stað þess að taka út meiri efnahagslegan og samfélagslegan kostnað síðar í lengri og dýpri kreppu.**



**Rúbín**  
kaffi  
- gersemi í amstri dagsins



Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar

Aðsendar greinar ásamt mynd af höfundi sendist á ritstjorn@birtingur.is. Hámarks lengd texta er 450 orð.





## Sleggjan



„Það er dapurlegt að aðgerðarpakkar ríkisins skuli ákveðnir af fámennum hópi í stað víðtækara samráðs aðila vinnumarkaðarins og stjórnarandstöðunnar. Sérstaklega í ljósi þess hversu alvarleg staðan er og þá staðreynd að allar ákvarðanir og skuldbindingar hafa mikil áhrif á lífskjör almennings og komandi kynslóðir.“

– skrifar Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, í færslu á Facebook þar sem hann greinir frá að VR auk SA ætli að hefja formlegt samstarf um leiðir til að verja kjarasamning þeirra félaga, kaupmáttinn og störfín.



„Mér finnst að við ættum frekar, ef við á annað borð ætlum að taka mikinn tíma í útlitsundirbúning, að fjaðra okkur. Að farða sig er eitthvað svo pedestrian og marggert. Að fjaðra sig er avant garde. ... Og ef að mér verða á mistök, heimskuleg, eins og mæta í slopp eða eitthvað annað fjávitalegt get ég tjargað mig og fjaðrað! Og svo krafist þess að aðrir fundargestir sem hafa orðið sér til skammar komi tjargaðir og fjaðraðir. Þarf bara að passa að tjaran sé ekki heit svo að fólk slasist ekki.“

– skrifar Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, í færslu á Facebook eftir lestur greinar um förðun á fyrri fjarfundum.



„Nú eru kynntir aðgerðarpakkar stjórnvalda og bankar ráðast í alls konar aðgerðir gagnvart fyrirtækjum og fólkinu í landinu. Stórkostleg tilfærsla á fjármunum mun eiga sér stað og ákvarðanir um hvaða fyrirtæki lifa og hvaða fyrirtæki munu deyja verða teknar. Þá munu fjármunir og störf glatast og margs konar lobbýismi fyrir sérhagsmunum mun eiga sér stað.“

– skrifar Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, í færslu á Facebook þar sem hann leggur til að sett verði á fótt rannsóknarnefnd sem mun gera upp þær efnahagslegu aðgerðir sem nú er ráðist í vegna hrunsins.

„Þú missir vinnuna, ert rekin(n) eða rekur aðra, segir e-m upp störfum eða ert sjálfum/sjálfri sagt upp ... möguleikarnir eru margir. Vantaði okkur í alvörunni orðskrá þú „að slíta ráðningarsambandi?“

– spyr Stefán Pálsson sagnfræðingur í færslu á Facebook í kjölfar fjölda fréttu af uppsögnum í vikunni.



„Ég hugsa núna hlýtt til alls góða starfsfólksins hjá Icelandair. Í nokkur ár var ég ritstjóri flugtímarits félagsins og naut mjög samstarfsins við alla þar, að ekki sé minnst á frábæra þjónustu um borð alla tíð. Ég hlakka mikið til að fljúga á ný með Icelandair.“

– skrifar Eliza Reid forsetafrú á Facebook-síðu sína.

## Góð vika



### Íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum

Íbúar í Vesturbyggð og á Tálknafirði höfðu sannarlega ástæðu til að fagna í vikunni þegar þær upplýsingar bárust að ekkert af þeim fjögur hundruð og sautján sýnum sem tekin voru úr þeim í sýnatöku Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Íslenskrar erfðagreiningar vegna COVID-19 hefðu reynt jákvæð. Alls fóru þrjátíu og þrjú prósent íbúa svæðisins í sýnatöku en ekkert smit greindist og hefur því enn ekkert smit greinst á sunnanverðum Vestfjörðum frá því að veiran nam land öfugt við nágretta þeirra á norðanverðum Vestfjörðum sem hafa orðið einna harðast fyrir barðinu á vágsteinum. Það er vissulega jákvætt þegar allir greinast neikvæðir á þessum veirutímum.



## Slæm vika




### Lögreglumenn

Í vikunni greip Landsamband lögreglumanna til þess ráðs að birta auglýsingu þar sem fram kemur að lögreglumenn séu enn á sömu launum og árið 2002 að raunvirði, þrátt fyrir miklar launahækkningar annarra stétta á tímabilinu. Lögreglumenn hafa verið samningslausir í rúmt ár og þrátt fyrir þrotlausar samningaviðræður við ríkið gengur hvorki né rekur. Lögreglumenn hafa ekki verkfallsrétt og geta því ekki gripið til þess úrræðis að fara í verkfall og eru orðnir vondaufir um að fá lausn sinna mála. Forsvarsmenn lögreglumanna segja erfitt um vik að setja nokkurn þrýsting á stjórnvöld vegna verkfallsbannsins en þeir vonast til að auglýsingin hjálpi til við að vekja athygli á stöðunni í launamálum þeirra.



## FOSSHOTEL

Fimmtán hótél um land allt



65 Orkustöðvar um land allt

# Ísland vill sjá þig í sumar

Bílabúð Benna gefur þér tækifæri til að kynna Íslandi betur í sumar og styðja við íslenska ferðaþjónustu í leiðinni, með glæsilegum kaupauka sem fylgir með völdum notuðum bílum.



## Kaupauki með völdum notuðum bílum

Sjö nætur á Fosshotelum  
að verðmæti 210.000 kr.

Eldsneytiskort  
að verðmæti 50.000 kr.

Ævintýrapottur  
Skráðu þig til leiks á notadir.benni.is  
Vinningar dregin út á Bylgjunni



Meira úrval á notadir.benni.is



Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Opnunartímar:  
Virka daga 12-17

Reykjavík  
Krókháls 9  
Sími: 590 2035



\* Birt með fyrirvara um mynda- og textabreytingar.



m

## Menning

AFFREYING

# Framtíðarvettvangur viðburða í streymi

Samkomubann hefur boðið listamönnum og áhorfendum upp á nýjan veruleika, viðburði í streymi í gegnum netið á vefsíðum og samfélagsmiðlum. Gigg.live sameinar streymda viðburði á einum stað og býður áhorfendum upp á að inna af hendi frjáls framlög fyrir.



**G**igg.live er sett saman til að halda utan um streymda viðburði og ekki síður til að gefa fólki tækifæri til að þakka fyrir þessa viðburði,“ segir Jóhann G. Jóhannsson, leikari og frumkvöðull, sem rekur snilli.is sem er tengiliðaskrifstofa skemmtikrafta. Jói og Geir Sigurður Jónsson tölvunarfræðingur sem rekur hugbúnaðarþróunarfyrirtækið center.is eru mennirnir á bak við framtakið.

„Við höfum unnið þetta í sjálfboðavinnu síðustu vikur. Hugmyndin er svo að fá fyrirtæki til að leggja til peninga sem notendur geta notað til að heita á viðburði og/eða streymendur. Vonandi verður það til þess að fólk fái eitthvað fyrir sitt framlag. Seinna getur fólk líka sett inn eigin framlög. Gigg.live mun ekki taka neina greiðslu eða gjöld, þetta er allt unnið í sjálfboðavinnu,“ segir Jói.

„Okkur fannst ekki sanngjarnt að fólk væri launalaust að streyma uppákomum, fræðslu og skemmtun. Við tókum líka eftir því hvað það var erfitt að finna það sem í boði er og mörgu mjög spennandi missir maður af því það er hvergi hægt að skoða hverju er verið að streyma, fyrr en núna,“ segir Jói og bætir við að viðtökurnar hafi verið frábærar bæði hjá listamönnum og áhorfendum. „Við höfum fundið fyrir miklum velvilja og það hefur



Jóhann G. Jóhannsson

”**Við höfum unnið þetta í sjálfboðavinnu síðustu vikur. Hugmyndin er svo að fá fyrirtæki til að leggja til peninga sem notendur geta notað til að heita á viðburði og/eða streymendur.**

fjölgað mikið í viðburðum og niðurhal er í mikilli aukningu.“

## Framtíðarvettvangur streymenda

„Okkar von er að Gigg.live verði framtíðarvettvangur streymenda þar sem notendur greiða framlög. Við erum líklega að fara inn í nýjan raunveruleika þar sem streymdum viðburðum mun fjölga, bæði við vinnu og skemmtun. Því er það okkar trú að þetta sé komið til að vera,“ segir Jói aðspurður um hvort framtakið sé tímabundið vegna kórónuveirufaraldurins, eða komið til að vera.



Og Gigg.live er einfalt í notkun fyrir alla. „Þegar streymendur hafa skráð viðburð eiga þeir að hvetja fólk til að ná sér í appið og inna af hendi frjáls framlög. Náið ykkur í appið og missið ekki af því sem í boði

er! Og ef þið starfið hjá fyrirtæki sem er tilbúið að leggja smávegis af mörkum endilega verið í sambandi í gegnum Gigg.live.“

# Við gerum vel við eldri borgara

## 50% afsláttur af áskrift og fyrsta blaðið FRÍTT HEIM að dyrum



Áskriftarsíminn er opin allan virka daga frá 9 til 13  
Sími 515-5500 eða á [mannlif.is/askriftir](http://mannlif.is/askriftir)

# ILVA

Sparaðu **25%**

**AF ÖLLUM SUMARVÖRUM**

**OG 20% AF ÖLLUM VÖRUM TIL 4. MAÍ**



© ILVA áskilur sér rétt að leiðvæta og glösta vörur.



*Portio*

SUMARSTÓLL Ýmsir litir. 11.900 kr. Nú 8.925 kr.

*Olava*

OLAVA útimotta. Ýmsir litir. 160x230 cm. 24.900 kr. Nú 18.675 kr.  
200x290 cm. 36.900 kr. Nú 27.675 kr.

*Bifrost & Cannes*



BIFRÖST garðborð. Steipt plata. 90x200 cm. Eikarfætur. 149.900 kr. Nú 112.425 kr.  
CANNES garðstóll. Plastseta. 16.900 kr. Nú 12.675 kr. Einnig til rauður.

*Summer*

SUMMER garðsett. 2 fellistólar og felliborð. Ø60 cm. 28.700 kr. Nú 21.525 kr.

*Frí heimsending*

**Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU  
FYRIR ÞÁ SEM VERSLA  
FYRIR 5.000 EÐA MEIRA**

**GILDIR Í VEFVERSLUN Í MAÍ**

**WWW.ILVA.IS**

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 [www.ilva.is](http://www.ilva.is)  
mánudaga - sunnudaga 12-18

netgíró  
VALITOR



FACEBOOK.COM/ILVAISLAND



INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND



# Afþreying

KROSSGÁTA

		GLATAST	SKRAUT-STEINN	FRÁ	STRUNSA		SÍÐA	KLÖPP	MÝKJAST	PURFA-LINGUR	TÝPA
	PLANTA										
	ÓVISSA					GÍMALD MAULA					
	STAFUR			FÚSLEGA FRENJA							
	PÁRA						NYTSEMI DANS				
	MAÐUR		ATORKA HÉKK					OFANFERÐ HERMA			
	↓	STAKUR	TVEIR EINS	ÓVILD		ÁFALL SVELTI				SKREYTING	
KIPRA					JARÐBIK MITT EIGIÐ					Í RÖÐ PLANTA	
KOPAR			HEGNA GOSEFNI				NÆÐUÐ GÆTA				
TVEIR EINS		FLÖTUR IMPRA				FLUTNING SKILABÖÐ					MJAKA
DRUNUR			NÁTTA FRÆÐIÐ				NIBBA ENGI				
	SLÉTTUR SKOKKA				BLADRA KÁSSA			VIBBÓT LEYSIR			
STÓLPI				SJÚK- DÖMUR ÁTT		ATVIKAST MÆLI- EINING			ÁTT SNÍKILL		
ÍPRÓTTA- FÉLAG		DEFA LEIKUR				BOLA LAUT				ÁN	AND- STREYMI
BÓK			TYGGJA HRYGGUR				RÁNDÝR FÆÐA				
TEYGJU- DYR				BÁTUR Í RÖÐ			BAKBÍTA TVEIR EINS				
UMMÁL					GRUNN- FLÖTUR			EFNI			
STEIN- TEGUND				SPOTT		KVÖLD					

Létt					Miðlungs					Erfið							
6	4		7		3	3		7	2	4			2	1	5	4	
				4	5			8	1		7			3	8		1
3	1	6		2	7	7				3		5			6		7
	8	7			9	9	1	4				2					7
1	2	9	5	8	3	5		1		3	6						8
5			8	1					6	7	2	1					3
5	7	9		4	6		9				6	8		1			7
	4	6				2		7	4		4	6	3				
6			7	1	5	8	7	6		2	3	9	2	5			

## Kannaðu þekkingu þína á mannlíf.is

Í fréttum á heimasíðu Mannlífs er að finna svörin við þessum spurningum.



1 Íslensk íþróttakona, sem hefur tvisvar hlotið titilinn Hraustasta kona heims, er barnshafandi, hvað heitir hún?



2 Bæjarfélag veitti stórfyrirtæki leyfi til að rífa Sigvaldahús, hvar er húsið og hvert er fyrirtækið?



3 Hvaða rithöfundur fór út að leika með syni sínum liðna helgi, í fyrsta sinn í sex vikur?



4 Ícelandair og fjárhagsvandi félagsins er mikið í fréttum, hvað heitir forstjóri félagsins?

4



5 Hvaða alþingismaður var settur í „tímabundið tjáningarbann“?

5

VIÐ BJÓÐUM HAGSTÆTT VERÐ Í PRENTUN FYRIR FJÖLPÓSTINN ÞINN!

Tryggðu fyrirtæki þínu lestur á fjölpósti með Mannlífi alla föstudaga.

Þú tryggir um leið þínu fyrirtæki góðan lestur og dreifingu.



# MANNLÍF

SKEMMTILEGRA HELGARBLAÐ

auglysingar@birtingur.is

# Your shoes

Netverslun  
[www.skornir.is](http://www.skornir.is)



Verð 14.995



Verð 9.995



Verð 9.995



Verð 11.995

**Your shoes**  
skórnir eru framleiddir í  
Portúgal úr hágæða leðri  
sem og náttúrulegum efnum.  
Skórnir eru með lausum  
mjúkum innleggjum og  
góðum gúmmísólum.

Your shoes skórnir falla vel  
að fætinum, eru tímalausir  
og einstaklega þægilegir.



Verð 9.995



Verð 11.995



Verð 12.995



Verð 12.995

skórnir þínir

SMÁRALIND  
[www.skornir.is](http://www.skornir.is)



Hús & hýbýli  
BAÐHERBERGI



Fyrir

”

Eigendur baðherbergisins voru með ákveðnar hugmyndir, eins og t.d. að hafa bæði baðkar og sturtu, en að lokum varð sturtan ofan á og við slepptum baðkarinu.



# Ótrúlegar breytingar á baðherbergi sem Sólveig Andrea hannaði

Sólveig Andrea Jónsdóttir er innanhússarkitekt en hún stundaði nám í ISAD-Istituto Superiore di Architettura e Design í Milánó. Sólveig hefur meðal annars unnið hjá ASK arkitektum, arkitektastofunni T.ARK og í Pennanum og er nú sjálfstætt starfandi innanhússarkitekt en hún hannaði þetta fallega 4,5 fermetra baðherbergi á dögnum.



Sólveig segir að baðherbergið hafi verið stækkað um 1 fermetra en það var gert með því að fara inn í herbergið við hliðina. Einnig segir hún að það hafi verið svolítil áskorun að fela hitakerfi sem var í veggnum en segir að það hafi heppnast vel með því að stækka klósett-kassann og búa til innbyggðan skáp. Eins og sjá má á myndunum er hönnunin afar kósí og stílhrein og Sólveig segir að hún hafi lagt upp með að nýta rýmið sem best og hafa stóra innréttingu og góða sturtu.

„Eigendur baðherbergisins voru með ákveðnar hugmyndir, eins og t.d. að hafa bæði baðkar og sturtu, en að lokum varð sturtan ofan á og við slepptum baðkarinu. Að auki stungu eigendurnir upp á því að hafa loftið og ljósín svört sem mér fannst koma sérstaklega vel út.“


## Hvaðan eru græjurarnar?

Innrétting – HTH | Tæki og vaskur – Tengi og Vola | Borðplata – Granítmiðjan  
Flísar – Terra Rust, Birgisson | Ljós – Lumex | Gler – Glerborg | Handklæðaoafn – Byko

Baðherbergið var stækkað um 1 fermetra en það var gert með því að fara inn í herbergið við hliðina.

# 20% afsláttur af vorhreingerningu!

Gluggatjöld, áklæði og mottur til 15. maí 2020



**Lumar þú á herðatrjám?**  
Við tökum vel á móti þeim og endurnýtum.



**HÁALEITISBRAUT**  
STOFNAÐ 1953



Gestgjafinn

GRILL



**Grilltíminn er genginn í garð hjá mörgum og ilmurinn af grilluðu kjöti og grænmeti farinn að svífa um borg og bæ.** Vinsælt er að grilla hamborgara enda eru þeir bæði fljótlegir og góðir. Galdurinn við góða hamborgara er, fyrir utan að nota úrvalskjöt, að grilla þá ekki of mikið og svo skiptir höfuðmáli að vera með alls konar sælkeramauk og meðlæti til að setja á hamborgarann eða bera fram með honum. Hér er spennandi sælkerauppskrift úr smíðju Gestgjafans sem allir ættu að geta gert og þótt það virki flókið að gera strimlakartöflunar er það alveg þess virði því þær eru æðislegar með borgaranum.



Galdurinn við góða hamborgara er, fyrir utan að nota úrvalskjöt, að grilla þá ekki of mikið og svo skiptir höfuðmáli að vera með alls konar sælkeramauk og meðlæti.

# Grillaður hamborgari

**Grillaður hamborgari með gúrkum, rauðrófum og mozarella-osti**

fyrir 4

4 hamborgarabrauð  
2 msk. hunang  
2 msk. wasabi-sesamfræ, fást í Garra  
2 msk. sesamfræ  
4 gæðahamborgarar, 200 g stk.  
hamborgarakrydd eftir smekk  
salt  
pipar  
1 agúrka, rifin  
4 tómatar, skornir í sneiðar  
4 msk. rauðrófugló frá Móður jörð  
2 mozarella-kúlur, skornar í sneiðar  
2 msk. steinselja

Hitið ofn í 200°C. Penslið ½ tsk. af hunangi á efri hlutann á hverju hamborgarabrauði,

sáldrið sesamfræjunum yfir og látið í ofninn í 2-3 mínútur. Kryddið hamborgarana með hamborgarakryddi og saltið og piprið. Grillið í 2-3 mínútur á hvorri hlið en þegar um 1 mín. er eftir af seinni hliðinni setjið þá 2 mozarella-sneiðar á hvern hamborgara og látið ostinn bráðna aðeins. Smyrjið sósunni á neðri hluta brauðsins, setjið svo gúrku- og tómatsneiðar á, látið kjötið með mozarella-ostinum ofan á, setjið svo rauðrófugló og steinselju yfir og berið fram með kartöflunum, sósunni og jafnvel góðu salati.

## Strimlafranskar

2 bökunarkartöflur  
salt  
pipar  
bragðlítil olía, til djúpsteikingar

Rifið kartöflunar niður í litla strimla með mandólini eða skerið í höndunum mjög

þunn. Setjið olíu í góðan þykkbotna pott, passið að olían nái ekki yfir nema helminginn af pottinum. Hitið olíuna að 180°C. Setjið helminginn af strimlunum í pottinn og steikið í u.þ.b. 3 mínútur eða þar til þeir eru orðnir fallega gullinbrúnir.

Takið upp úr pottinum með sigtispaða og látið á eldhúsrúllu. Steikið seinni hlutann og gerið eins. Þegar olían hefur lekið ágætlega af frönsku kartöflunum setjið þær þá í skál og bragðbætið með pipar og salti.

## Gúrkusinnepssósa

2 dl majónes  
2 súrar gúrkur, smátt skornar  
1 tsk. dijon-sinnep  
1 tsk. chili-mauk  
salt, pipar

Blandið öllu saman í skál.

Texti / Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir

## Nokkur grillráð

- Best er að hita gasgrill í 10-15 mín. áður en byrjað er að grilla.
- Til að koma í veg fyrir að missa safann úr kjötinu eða grænmetinu, er gott að nota tóng eða spaða frekar en að stinga gaffli í hráefnið.
- Alls ekki ýta á borgarann, kjúklinginn eða annað hráefni með spaðanum þegar þú grillar. Þá ertu bara að þrýsta vökvanum út og hráefnið verður miklu verra fyrir vikið.
- Aldrei að setja hráefni með allri marinerungunni strax á grillið, heldur bera hana á jafnóðum eða í lok eldunartímans annars brennur hún bara áður en maturinn er eldaður í gegn.
- Látið kjötið ná stofuhita áður en það er grillað, þannig eldast kjötið jafnt. Góð regla er að láta kjötið standa í u.þ.b. 1 klst. við stofuhita áður en það er eldað.
- Látið ávallt kjötið hvíla í svoltínn tíma áður en það er borðað. Þannig dreifir kjötsafinn sér betur. Góð regla er að miða við u.þ.b. 10 mínútur.





# SUMAR LEIKUR

DOMUS **NOVA**  
Fasteignasölu

**1. vinningur:**  
Gjafabréf  
**150.000 kr.**  
**BYKO**

**Allir sem  
setja eign í sölu  
hjá DOMUSNOVA  
fasteignasölu  
í maí og júní  
eiga möguleika  
á glæsilegum  
vinningum!**

**2. vinningur:**  
Gjafabréf  
**50.000 kr.**  
**BYKO**

Við drögum út í sumarleik DOMUSNOVA fasteignasölu og **BYKO** 30. júní 2020  
Nánar á [www.domusnova.is](http://www.domusnova.is)

## LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN



# DOMUS **NOVA**

Fasteignasala

HLÍDASMÁRA 4 KÓPAVOGI - AUSTURVEGI 6 SELFOSSI & STILLHOLTÍ 16-18 AKRANESI  
SÍMI 527 1717 - [WWW.DOMUSNOVA.IS](http://WWW.DOMUSNOVA.IS)



**NIVEA**  
**SUN**

**NJÓ**  
**SÓLAR**  
**ÁHYGG**

**NIVEA**  
**SUN**

UV FACE

SOOTHING  
SENSITIVE


0%  
STICKY  
FEELING

**50** HIGH  
UVA UVB

Immediate sun protection  
Soothes skin irritations  
Light skin feeling  
Unperfumed

50 ML

# TTU RINNAR JULAUS



# Ótrúlega stoltur og ánægður með músíkina

**Kristinn Arnar Sigurðsson, eða krassasig, hefur þrútt fyrir ungan aldur, komið víða við á sínum lista- og tónlistarferli. Eftir stúdentspróf af sjónlistadeild úr Myndlistarskólánum í Reykjavík, hefur Kristinn lært að djögla saman leikmyndahönnun, skúlptúr, fatahönnun og leikstjórn en tónlistin er aldrei langt undan. Einn dag í einu er nýtt lag frá honum sem fjallar um hvernig honum hefur liðið núna í apríl, þrátt fyrir að hann hafi samið lagið fyrir í vetur.**

Þetta er mjög einfalt og opið „konsept“. Mig langaði að ramma inn tilfinninguna að horfa fram á bjartari tíma, tilhlökkun, að sitja og dreyma og gleyma stað og stund,“ segir Kristinn aðspurður um hvað lagið fjallar.

„Ég fékk alls ekki listraent uppeldi og kem frá heimili þar sem var töluvert meiri áhersla lögð á raungreinar og vísindi,“ segir hann. „En ég var krakkin sem var alltaf að teikna, hætti ekki að teikna og var mikið að klippa og líma saman eitthvað, taka í sundur hluti og sauma saman eitthvað drasl og setja upp leikrit. Ég held að ég hafi bara alltaf verið mjög forvitinn og algjör fiktari, alltaf einhvern veginn fundist ég geta leikið mér að umhverfinu og snúið því við.“

**Eins og fyrir segir hefur Kristinn komið víða við á sínum listaferli en er eitthvað eitt sem stendur upp úr frekar en annað?**

„Verkefni sem ég horfi oft til er tónlistarmynbandið við I'd Love með Auði, þar sem ég hannaði og smíðaði leikmyndina. Það

er mjög einfalt og opið „konsept“. Mig langaði að ramma inn tilfinninguna að horfa fram á bjartari tíma, tilhlökkun, að sitja og dreyma og gleyma stað og stund.“



Kristinn djögglar saman leikmyndahönnun, skúlptúr, fatahönnun, leikstjórn og tónlist.

verkefni hrinti mjög miklu af stað hjá mér, og var fyrsta stóra leikmyndaverkefnið sem veitti mér reynslu og tækifæri á því sviði,“ útskýrir hann og bætir við að hann hafi einnig kynnst Auðunni í gegnum þetta ferli sem leiddi til mjög sterkra vináttu þeirra og áframhaldandi samstarfs, bæði í tónlist og alls konar öðru, til dæmis myndböndum og viðburðum.

„En svo þykir manni, held ég, alltaf vænst um það sem maður er að gera þá stundina, ég er ótrúlega stoltur og ánægður með músíkina sem ég er að gera núna undir nafninu krassasig.“

**Miðað við allt það sem þú hefur gert, hvað myndirðu kalla þig?**

„Ég er alltaf að skipta um hatt, það fer eiginlega eftir því við hvern ég tala hvernig ég titla mig, en þegar ég reyni að draga þetta allt saman segi ég myndlistar- og tónlistarmaður, en það nær því samt ekki alveg,“ útskýrir hann og brosir.

**Hvers konar tónlist spilar þú og hvaðan sækir þú innblástur í þína listsköpun?**

„Ég spila alls konar tónlist en ég er í grunninn algjör poppari og sækir, held ég, mest innblástur í popptónlist frá ólíkum tímum. Ég hef líka mikið horft til Frakklands núna upp á síðkastið, þar er yfirleitt einhver mjög sterk víbra sem ég heillast af. En svo hlusta ég líka mjög mikið á nútímaklassík, Ólaf Arnalds, Jóhann Jóhannsson, Nils Frahm, Jon Hopkins og fleiri.“

**Hvað er fram undan?**

„Ég hef verið að vinna í plötu sem er ansi langt komin. Annars er sumar og bjartari tímar, eins og vonandi hjá flestum. Ég er líka með nokkur leikmynda- og leikstjórnar-

verkefni á teikniborðinu sem ég er ótrúlega spennur fyrir, þannig að ég held bara áfram að djögla, vona að ég missi ekki bolta.“

**Nýtt lag frá Ezekiel Carli ★★★★★★**

**Í gær, fimmtudaginn 30. apríl, kom út nýtt lag með Ezekiel Carli. Ezekiel Carl er ungur rappari sem á rætur sínar að rekja til Súðavíkur á Vestfjörðum.**

Hann byrjaði ungur að rappa og hefur áður gefið út þrjár EP-plötur sem eru Ísbíllinn, Ísbíllinn Vol. 2 og Næstur upp. Lagið er unnið með Pálma Ragnari Ásgeirssyni pródúser. Pálmi Ragnar sem oft er kenndur við Stop Wait Go-þrjúkið hefur meðal annars unnið með Friðriki Dór og BRÍETI. Lagið kemur út á 7" vinyllplötu í afar takmörkuðu upplagi. B-hlið plötunnar er „Inná klúbbunum“ sem kom út í janúar á þessu ári. Platan verður aðeins fáanleg í vefverslun Öldu Music.



## Endurhljóðblönduðu Bubba


➔ Rafhljómsveitin Funk Harmony

Park var að senda frá sér ansi skemmtilega endurhljóðblöndun af laginu „21 tafla“ með sjálfum kónginum, Bubba! Lagið er tekið af nýjstu plötu Bubba, Regnbogans stræti, sem kom út fyrir ekki svo löngu síðan. Funk Harmony Park var talsvert áberandi fyrir nokkrum árum en sveitin hefur legið í dvala í dágóðan tíma. Funk Harmony Park vinnur nú að nýju efni og er ekki ólíklegt að fleiri endurhljóðblöndanir komi út á næstunni. Hægt er að hlusta á herlegheitin á Albumm.is.



## Deep Reverie sendir frá sér sitt annað lag

Fyrir skömmu sendi hljómsveitin Deep Reverie frá sér sitt annað frumsamda lag og ber það heitið „Take me home“ og er pródúserað af reynsluboltanum



Pétur Hjaltstéð. Sveitin samanstendur af þarinu Írmu Lín Geirsdóttur söngkonu og gítarleikaranum Víði Mýrman, ásamt vel völdum gestahljóðfæraleikurum hverju sinni. Músíkin er undir bæði pop- og rokkáhrifum en snertir einnig á klassík, auk þess sem þjóðlegra áhrifa gættir að auk í lagasmíðunum.

## Fjallar um karma í nýju lagi



Tónlistarmaðurinn So Orange, aka Þróstur Elvar Óskarsson, sendi á dögunum frá sér lagið „Karma“. Þróstur vakti fyrst athygli á tíunda áratugnum þegar

danstónlist sveita eins og Daft Punk, Chemical Brothers og The Prodigy tröllriðu heimsbyggðinni. Þar var Ísland engin undantekning en ein þeirra mörgu raf-/danssveita sem komu fram á sjónarsviðið hér hét Súrefni og hana skípuðu umræddur Þróstur og félagi hans, Páll Arnar Sveinbjörnsson. Lagið Karma er fjórða smáskífa So Orange og með tónum í stemningu lagsins er leitast við að ná utan um grunnhugmyndir um Karma. Lagið kemur út í tveimur útgáfum, Karma og Karma „Radio edit“. Hægt er að hlusta á lagið á Albumm.is.

## Hvíti dauði í skóglápsbúning



Lagið Hvíti dauði er hér endurhljóðblandað og uppfært af Sk-Ar sem er sólóverkefni Skúla Arasonar sem er meðal annars meðlimur í Flekum og Elínu Helenu. Þetta er ein af mörgum útgáfum lagsins sem lítið hefur dagsins ljós en lagið er upprunalega samstarfsverkefni Teits Magnússonar og Gunnars Jónssonar. Hér er lagið komið í einhvers konar skóglápsbúning eða svokallað Shoegaze, sem á rætur sínar að rekja til Bretlands. Það er væntanleg sveimandi hljóðgerflapla frá Sk-Ar, það er annar hluti af þriggja platna upphafsferli listamannsins sem hver hefur sinn einkennandi hljóðheim. Í fyrri kom út fyrsta platan í þessum báiki, Þá verðum við jöfn, en hún var í þyngri kantinum. Þessari útgáfu af Hvíta dauða fylgir myndband sem má finna á Albumm.is en það lýsir litríkri ferð um skynvilluheim Selfossbæjar.

# SÓFADAGAR

VIÐ FRAMLENGJUM SÓFADAGA TIL 10. MAÍ

10-40% af öllum sófum  
20% af sérpöntunum



Lokað  
1.maí

habitat 



TEKK COMPANY OG HABITAT  
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI  
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-FÖS 10-18  
LAU 11-17 OG SUN 13-17  
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

sh

Séð og Heyrt  
HEYRST HEFUREGGERT  
Í ÚTRÁS

Texti / Ragna Gestsdóttir



Eggert Skúlason, fjölmiðlamaður og veiðimaður með meiru, fékk gleðitíðindi í vikunni.

Samningar hafa verið undirritaðir um sýningu á sjónvarpsþáttum hans, Sporðaköst, og verða þeir sýndir á sjónvarpsstöðvum í Rússlandi, Spáni og Portúgal. „Í miðju Kófinu fær maður skemmtilegar fréttir. Ekki stórar stöðvar en er ekki fínt að byrja smátt? Treysti því að þetta verði góð landkyrning og til ánægju fyrir innilokaða veiðihugamenn í þessum löndum,“ segir Eggert.

### Emil skrifar Storytel-sögu




Emil Hjörvar Petersen rithöfundur skrifaði í vikunni undir samning við Storytel, sem felur í sér að Emil skrifar sögu í tíu þáttum. Sagan kemur svo út sem hljóðbók í streymi snemma árs 2021. „Mér finnst það vera spennandi form. Ég sendi þeim hugmyndir, þeim leist vel á, ég sendi þeim beinagrind, þeim leist vel á,“ segir Emil. Samingurinn er þó ekki sá eini því Emil skrifaði nýlega undir annan slíkan sem hann er þó leyndardómsfullur um. „Ég má lítið tala um þetta, það er kvikmyndatengt og á tilraunastigi, en ef af verður ... nei, vil ekki jinx, 7-9-13,“ segir Emil og óskar öllum góðs gengis á þessum tímum.

### Ráðherra á toppnum

„Þetta hlýtur að vera með fallegri göngum á höfuðborgarsvæðinu. Móskaðshjúkar. Mæli með,“ segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra sem gekk á toppinn, ásamt vinkonum sínum. Ráðherrann er göngu- og ferðakona mikil, enda hreyfing mikilvæg fyrir heilsuna og félagskapinn.

### Gefur Viðreisn séns

Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata í borgastjórn Reykjavíkur, notar Tinder, eins og fjöldi einhleypra. Notkun á appinu hefur rokið upp í kórónuveirufaraldrinum. „COVID kom mér aftur á Tinder, var að uppgötva orku- og tímasparnað í að komast að því mjög snemma hvort hann kjósi Sjálfstæðisflokkinn svo ég geti bara hætt spjallinu frekar en að komast að því mun síðar,“ segir Dóra Björt á Twitter. „Viðreisn á enn séns,“ svarar hún aðspurð.

VERÐLAUNA  
LEIKURLESUM  
MEIRA  
Í SAMKOMU-  
BANNI

Birtingur býður nú áskriftartilboð á öllum sínum tímaritum. Að því tilefni gefum við tveimur heppnum vinapörum mánaðarskrift á öllum tímaritum okkar: Gestgjafanum, Hús og hýbýli og Víkunni.

Farðu inn á Facebook-síðu Séð og Heyrt, taggaðu þann vin sem þú vilt gleðja með þér og ekki gleyma að setja læk við síðuna. Þú mátt tagga eins marga vini og þú vilt, en bara einn í hverri athugasemd. Við drögum fimmtudaginn 7. maí.

# HUNDURINN BESTI VINUR KONUNNAR

Í samkomubanni hafa margir unnið heima við og eru því heima öllum stundum, gæludýrum þeirra til mikillar gleði. Roger Mugford, hundapjálfafrá Elísabetar Bretlandsdrottningar, sagði fyrir stuttu í viðtali að heimaveran geti haft þær afleiðingar að margir hundar muni finna fyrir aðskilnaðarkvíða þegar eigendur þeirra geta snúið aftur í vinnuna.

Nokkrar af þekktustu konum landsins eiga hunda sem þær eru duglegar að leyfa fylgjendum sínum að fylgjast með á samfélagsmiðlum. Flestar þeirra eru einnig eigin herrar og ætti því besti vinurinn ekki að verða mikið var við þegar samkomubanni lýkur.

Birgitta Líf Líf Björnsdóttir á tíkina Bellu, franskan bulldog, og gera þær mæðgur allt saman, fara í ræktina, út að hjóla, jafnvel út að borða. Birgitta Líf segir að það að Bella hafi komið inn í líf sitt hafi verið það besta við árið 2019.



Bára Jónsdóttir, fêrð-unarfræðingur og fitnessdrottning, á tvo hunda, Gucci, sem er maltese, og Dimmu, sem er franskur bulldog. Bára er virk á samfélagsmiðlum og ekki nóg með það, hún heldur einnig úti Instagram-síðum fyrir báða hundana.

Gerður Arinbjarnar, eigandi Blush, fékk sér Tindur, smáhund af tegundinni maltese í lok síðasta árs. Tindur rúllaði upp námskeiði í hundauppeldi í febrúar. Gerður segist yfir sig skotin í nýjasta og minnsta heimilismeðlimnum.



Alexandra Helga Ívarsdóttir hefur átt hundinn Koby síðan árið 2012, en hann er cavalier. Koby fór að sjálfsögðu með í einkapötu til Ítalíu sumarið 2019 þegar Alexandra Helga og Gylfi Sigurðsson giftu sig þar. Koby á einnig sitt eigið myllumerki, eða #kobygram.



Greta Salóme, söng- og tónlistarkona, nýtur þess að vera heima að knúsa hundinn sinn, sem er boxer. Segir hún hann ekki hafa hugmynd um hvaða ástand ríkir og hún ætli að reyna að hugsa meira eins og hundurinn.




Linda Pétursdóttir athafnakona hefur alltaf átt hunda, bæði hér heima og í Bandaríkjunum. Hún á tvo hunda, enskan cocker og maltese, og sagði það eitt sinn í viðtali að það væri litlu meiri fyrirhöfn að hafa tvo hunda en einn.



# LEGSTEINAR

## Í MIKLU ÚRVALI

**25%**  
**AFSLÁTTUR**  
AF ÖLLUM GRANÍT  
LEGSTEINUM Í MAÍ



**GRANÍT  
STEINAR**

Helluhrauni 2, Hafnarfirði  
544 5100 – granitsteinar.is



# Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

**Webasto**  
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

**MANNLÍF**

BIRTINGUR EHF

ÚTGÁFUFLAG

SÍÐUMÚLA 28, 108 REYKJAVÍK

S: 515 5500

16. TÖLUBLAÐ 4. ÁRGANGUR

FÖSTUDAGURINN 1. MAÍ 2020

**mannlíf.is**

Ritstjórn: ritstjorn@birtingur.is

## Síðast en ekki síst

Eftir / Pawel Bartoszek

### Mette vs. Angela

■ Athyglisverð deila spratt upp á milli Mette Frederiksen, forsætisráðherra Danmerkur, og Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, nú á dögum. Í grein í Politiken hvatti Mette landa sína til að kaupa Lego, fremur en Playmo. Lego væri, jú, danskt fyrirtæki og nauðsynlegt fyrir Dani að styðja við danska framleiðslu eftir COVID-19. Viðspyrna dansks efnahagslífs yrði hraðari ef allir sameinuðust um þetta. Lego væri málið.

Undir þessu gat Angela Merkel ekki setið. Í langri grein í Frankfurter Allgemeine Zeitung, sem birtist samtímis í danskri þýðingu í Jyllandsposten, andmælti Þýskalandskeisarin þessum málfutningi og hélt uppi vörnum fyrir þýska merkið Playmobil. Hún sagði enga ástæðu fyrir fólk að velja Lego fremur en Playmo. Playmo væri miklu betra.

„Það mætti halda að frú Frederiksen hafi ekki aðeins farið öfugu megin fram úr í gær, heldur stigið á Lego-kubb í leiðinni,“ sagði kanslarayrjan í greininni. „Lego eru að mínu mati verulega ofmetin leikföng. Star Wars rakettan sem maður er fjóra tíma að kubba saman á aðfangadag er horfin í óreiðuna á annan í jólum. Okkar dót helst þó saman. Og krakkar geta leikið sér með það, ekki bara skemmt það og lagað til skiptis. Ég hef hvatt þýska borgara til að sniðganga Lego og velja Playmo í staðinn. Tímarnir krefjast þess.“

„Og hvernig fannst þér Playmo-bíómyndin, Angela?“ svaraði Mette á Twitter næsta dag. „Á ekki að hvetja alla til að horfa á hana? Bara 47% á IMDb? Vandræðalegasta sem komið hefur fyrir Þýskaland eftir sameininguna? Haha!“

„Komum ekki nálægt þessari mynd. Fannst Ninjago slöpp líka,“ svaraði Angela um hæl.

Ekki urðu þessi samskipti lengri og áttu sér sem betur fer ekki stað til að byrja með. Auðvitað má alveg sýna innlendri framleiðslu móralskan stuðning en til lengdar held ég að við öll vitum að sterkari öfl en tryggð við föðurlandið ráða því hvaða dót fólk velur.



**Umhverfisvænir**  
BAMBUS TANNBURSTAR



*Góðin fyrir þig OG NÁTTÚRUNA!*

**Colgate**

**HEIMA ER BEST**

**VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR**

**FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND**  
\*NEMA ÚTSÖLUVÖRUR

**KYNNTU ÞÉR VÖRUÚRVALIÐ OG VERSLAÐU Í RÓLEGHEITUM Á SVEFN OG HEILSA.IS**

**VEFVERSLUN svefnogheilsa.is**

**★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★**

**NÝ SENDING AF SÆNGUM BY BRINKHAUS**

**ÚRVAL AF SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM**

**EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM**

**PRESTON**  
Svefnsófi  
Verð áður kr.-249.900  
**NÚ AÐEINS KR. 224.910**

**20-50% AFSLÁTTUR**

**NÝTT OUTLET**

Gerðu frábær kaup

**20-50% AFSLÁTTUR**

Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

**Svefn & heilsa**  
★★★★★



BALDURSNESI 6 - AKUREYRI



LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK



LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK



UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU\*  
\*Samkvæmt könnun frá Gallup.

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233 | BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150 | OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16  
UMBODSADILAR Húsgagnafl, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstaðir